

MOSFELLINGUR

3. tbl. 8. árg. föstudagur 27. febrúar 2009. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



BOLLA

20.000 bollur í Mosfellsbakaríi

Bakaradrengirnir í Mosfellsbakaríi höfðu í nógu að snúast í bollubakstri þegar ljósmyndara Mosfellings bar að garði aðfaranótt mánudagsins sem leið. Í Mosfellsbakaríi eru bakaðar um 20.000 bollur í kringum Bolludaginn.

Mynd/Magnús Már

EIGN VIKUNNAR

Fálkahöfði 8 - 3ja herbergja



Falleg 91,2 fm, 3ja herbergja íbúð með sérinngangi á 3. hæð við Fálkahöfða 8 í Mosfellsbæ. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Stórar svalir í suðvestur með miklu útsýni yfir Reykjavík og sundin.

V. 20,9 m.

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali • www.fastmos.is, www.eignamidlun.is

 **EIGNAMIDLUN**
Mosfellsbæ



100% Speltbrauð

MOSFELLSBAKARI

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is

Ný
CABAS
tjónaskoðun


Vottað
verkstæði

Þjónustuverkstæði
útvægum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Prófkör: Hjördís Kvaran Einarisdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær
ekki vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 20. mars.

Tónlistarveisla í kvöld

Í kvöld verður punkturinn settur
yfir i-ið í söfnun fyrir Rebekku
Allwood. Mosfellingur fór af stað
með söfnunina fyrir jól í kjölfar
viðtals sem Ruth Örnólfsdóttir



tók við þær mæðgur
en eins og fram hefur
komið lenti Rebekka í
hræðilegu slysi á Vest-
urlandsvegi fyrir sex
árum síðan.

Mosfellingur
ársins, Alli
Rúts, kom
síðan
með

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

þá frábæru hugmynd að halda
styrktarkvöld á Ásláki og gefa allan
ágóða kvöldsins í styrktarsjóð Re-
bekku. Nú höfum við í sameiningu
fengið til liðs við okkar frábæra
listamenn úr Mosfellsbæ sem ætla
að leggja söfnuninni lið. Rebekka
verður tvítug á mánudaginn og
vonandi verður hægt að færa
henni glæsilegt æfingahjól að gjöf
til áframhaldandi endurhæfingar.

Að lokum langar mig að minna
Mosfellinga á mikilvægi þess
að rödd okkar Mosfellingi hljómi á
Alþingi Íslendinga. Kjósum okkar
fólk í áhrifaseti í þeim prófkjörum
sem framundan eru.



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Dagar þorablótanna eru liðnir þetta árið en vel við
hæfi að rifja upp þorablót sem Kvenfélag Lágafells-
sóknar hélt í Hlégarði 22. janúar 1983.

Þar var séra Birgir Ásgeirsson veislustjóri og má sjá
hann fyrir miðri mynd. Til vinstri er Einar Jónsson en
Guðmundur Ómar Óskarsson leikur á flygillinn til hægri.

Árið 1983 hafði Kvenfélagið haldið þorablót samfleytt
í tæp 30 ár en að þessu sinni sátu Anna Bjarnason, Valdís
Ólafsdóttir og Jóhanna Ragnarsdóttir í undirbúning-
snefndinni. Á miðnætti var dregið í happdrætti og var
fyrsti vinningurinn utanlandsferð með Flugleiðum til
Kaupmannahafnar eða London eftir eigin vali. Það var
Helga Thoroddsen sem hreppti hnossið.

Á blótinu lék hljómsveitin SOS fyrir dansi fram á
rauðanótt og skemmtu menn sér hið besta. Aðsóknin
þótti að vísu ekki nógu góð, 166 manns mættu til leiks og
varð mikið tap á samkomunni. Þótti alls óvíst að kven-
félagið héldi þessu skemmtanahaldi áfram.

Myndin birtist fyrst í Mosfellspóstinum sem var gefinn
út á 9. áratugnum og var fyrsta bæjarblaðið í sveitarfélag-
inu sem kom út með reglubundnum hætti.

Bjarki Bjarnason



ÖSKUDAGUR

Getur þú fundið **Benjamín** falinn í blaðinu?

MOSFELLINGUR - Leiðari og skemmtiefni

Í KVÖLD

FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ 27. FEBRÚAR

Styrktarkvöld fyrir Rebekku Allwood



Allur ágóði kvöldsins rennur til Rebekku Allwood sem lenti í hræðilegu slysi á Vesturlandsvegi fyrir sex árum. Rebekka er í dag fjölfötluð með ósjálfráðar hreyfingar og verður það líklega ævistarf hennar að vinna úr afleiðingum þessa slyss. Safnað er fyrir æfingahjóli fyrir áframhaldandi endurhæfingu Rebekku. Allir listamenn sem fram koma gefa vinnu sína og söfnunarbaukar verða á staðnum. Allur ágóði af veitingum á bar fer í styrktarsjóðinn.

Bæjarrónafélag Mosfellsbæjar
safnar saman frjálsum framlögum

NÝR OG BREYTTUR ÁSLÁKUR

FRÁBÆR TÓNLISTARVEISLA
MOSFELLSKIR LISTAMENN
HÚSIÐ OPNAR KL. 19:00
ALLUR ÁGÓÐI TIL REBEKKU

Barþjónar kvöldsins:

Ragnheiður Ríkharðs,
Alli Rúts, Hjalti Úrsus
Valtýr Björn o.fl.

MOSFELLINGUR & ÁSLÁKUR



HÚSIÐ OPNAR KL. 19.00 - FRÍTT INN

Kynnir kvöldsins:

Karl Tómasson, forseti bæjarstjórnar



Kl. 20:00

Trío
Reynis Sig.

Reynir Sigurðsson og
félagar taka léttan jazz



Kl. 20:30

Karla-kór
Kjalnesinga

Félagar úr karla-kórnum
brýna raust sína



Kl. 21:30

Stefanía
Svavarsdóttir

Söngdívá og meðlimur Bob
Gillan & Ztrandvarðanna



Kl. 21:00

María
Ólafsdóttir

Bronsverðlaunahafi
söngvakeppni Samfés



Kl. 22:00

Diddú og
Jónas Þórir

Okkar ástsæla Diddú syngur
við undirleik Jónasar Þóris



Kl. 22:30

Hreindís Ylva
Garðarsdóttir


Eurovisionkeppandi
og Dalbúi tekur lagið



Kl. 23:00

Dúettinn
Hljómur

Gústi og Hilmar spila
nokkur vel valin lög



Kl. 24:00

Dj. Geiri
Slææ

Geiri Slææ þeytir
skífum fram á nótt



Göngubrú yfir Köldukvísl

Tekin hefur verið í notkun göngu-brú yfir Köldukvísl neðan við Leirvogstunguhverfi. Starfsmenn VGH hafa unnið hörðum höndum við uppsetningunana síðustu daga.

„Brúin hefur heilmikla þýðingu fyrir okkur íbúa í Leirvogstungu. Þetta stytir gönguleiðir í skóla og á íþróttæfingar fyrir krakkana auk þess sem þetta tengir okkur miklu betur við þéttbýlið í Mosfellsbæ. Nú sleppa krakkarnir líka við að þræða hesthúsahverfið,” segir Bjarni í Leirvogstungu. Brúin er staðsett neðan við Kvíslartungu og tengist við væntanlegan ævintýragarð í Ullarnesbrekkum.

Lágafellskirkja var vígð 24. febrúar 1889 og fagnar nú 120 ára afmæli

Vígsluafmæli Lágafellskirkju

Um þessar mundir er haldið upp á 120 ára vígsluafmæli Lágafellskirkju í Mosfellsbæ. Kirkjan var byggð árið 1888 og vígð á konudaginn, 24. febrúar árið 1889. Árið sem kirkjan var vígð voru íbúar sóknarinnar 403 og bjuggu á 53 heimilum, en í dag eru íbúar Lágafellssóknar orðnir rúmlega 8500.

Vígsluafmælis Lágafellskirkju er nú fagnað með hátíðardagskrá sem stendur til 1. mars.

Hátíðarguðþjónusta fór fram sunnudaginn 22. febrúar og um kvöldið voru haldnir glæsilegir tónleikar með Diddú og Agli Ólafssyni.

Ahersla er lögð á að afmælisdagskráin endurspegli þá miklu breidd sem er í kirkjustarfi sóknarinnar, nái til sem flestra aldurshópa og styrki samfélagið í gleði og kærleika.

Á dagskránni er m.a. vegleg Gospelgleði í Lágafellsskóla á æskulýðsdegi kirkjunnar þann 1. mars kl. 20.

Þar fer fram glæsileg dagskrá undir stjórn Óskars Einarssonar og Jónasar Þóris.



Frá hátíðarguðþjónustu í Lágafellskirkju sunnudaginn 22. febrúar.



Diddú og Egill Ólafs fóru á kostum.



Lágafellskirkja var vígð fyrir 120 árum.

MOSFELLINGUR á vaktinni



Mosfellingur fór yfir tölulegar staðreyndir frá Vinnumálastofnun varðandi atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldin miðast við lok janúarmánaðar.

Atvinnuleysi í lok janúar

Garðabær	297
Hafnarfjörður	969
Kjós	10
Kópavogur	1136
Mosfellsbær	285
Reykjavík	5027
Seltjarnarnes	84
Álfanes	84

Endurskoðun hafin á aðalskipulagi Mosfellsbæjar

Samráð við bæjarbúa

Hafin er vinna við endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar 2002-2024 og leggur bæjarstjórn áherslu á virkt samráð við íbúa sveitarfélagsins um endurskoðun aðalskipulagsins. Því er kallað eftir hugmyndum, tillögum og athugasemdum frá íbúum, segir í tilkynningu frá Mosfellsbæ.

Skipulagsgátt opnuð

Til þess að auðvelda íbúum sveitarfélagsins þátttöku í slíku samráði, verður opnuð skipulagsgátt á heimasíðu Mosfellsbæjar, mos.is. Þar munu bæjarbúar geta fylgst með framvindu endurskoðunarinnar og tjáð hug sinn um þær tillögur og álitamál sem upp kunna að koma.

Auk þess verður íbúum gefinn kostur á að hitta kjörna bæjarfulltrúa og skipulagsráðgjafa á óformlegum fundum á fyrirfram

auglýstum tímum. Einnig verður efnt til formlegra íbúafunda eftir því sem verkinu miðar áfram og tilefni verður til. Loks verður virkjað netfangið adalskipulag@mos.is þar sem íbúum og öðrum áhugasömum gefst kostur á að senda inn athugasemdir, tillögur og hugmyndir tengdar endurskoðun aðalskipulagsins.

Endurskoðun á stefnu

Í upphafi verks er aðaláherslan lögð á endurskoðun á stefnu og markmiðum sveitarstjórnar í þeim málaflokkum sem aðalskipulagið nær til, þ. e. landnotkun, samgöngum, þjónustukerfi og umhverfismálum. Í þeirri vinnu verða m. a. eftirfarandi spurningar áleitnar:

Hvaða eiginleika og yfirbragð á byggðin að hafa? Hverju þarf að gera ráð fyrir gagnvart atvinnulíf-



inu? Hverju þarf að gera ráð fyrir gagnvart byggðarþróun í þéttbýli og dreifbýli? Hvað þarf að verja og hvað þarf að vernda?

Náttúruvernd, minjavernd, auðlindavernd. Hvað þarf að koma í veg fyrir og hindra? Hvernig má bæta lífsgæði íbúanna?

Mosfellingar eru hvattir til að taka þátt í að móta framtíð Mosfellsbæjar og leggja sitt af mörkum til þess að gera góðan bæ betri.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Helgihald næstu vikur:

Sunnudagurinn 1. mars

Æskulýðsdagurinn

Gospelgleði í Lágafellsskóla kl. 20.

Sunnudagurinn 8. mars

Guðspjónusta í Lágafellskirkju kl. 11.

Sunnudagurinn 15. mars

Taize kvöldguðspjónusta í Lágafellskirkju kl. 20.

GOSPELGLEÐI Í LÁGAFELLSSKÓLA

Verður sunnudaginn

1. mars kl. 20.

Allir velkomnir

- Aðgangur ókeypis



SÓKN Í SÓKN

– LIFANDI SAMFÉLAG

Vertu með í sókninni!



EIGNAMIDLUN

Mosfellsbæ

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080

Einar Páll Kjærnestad, lögg.fasteignasali

www.fastmos.is, www.eignamidun.is



Kvísartunna – Parhús

Mjög glæsilegt 247,7 fm parhús með innb. 48,2 fm bílskúr við Kvísartunngu. Neðri hæðin: forstofa, sjónvarpshol, 3 svefnherb., baðherb. og þvottahús. Efri hæðin: stórar stofur, stórt eldhús og baðherb. Mikil lofthæð og stórglæsilegt útsýni! Stórar svalir með heitum potti. **Seljandi skoðar öll skipti!**
V. 56,5 m.



Lágholt - Einbýlishús

Fallegt 165,8 fm einbýlishús á einni hæð með bílskúr við Lágholt í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, búrherbergi, stórt þvottahús með sturtu og salernisaðstöðu, baðherbergi, eldhús, fjögur svefnherbergi, stofu og borðstofu. Bílskúrin er 37,2 fm og er búið að stúka af herbergi í honum.
V. 37,5 m.



Arnarhöfði - Raðhús

Mjög fallegt 189,7 fm raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum 24,6 fm bílskúr við Arnarhöfða 6. Stór timburverönd með skjólgirðingu með lýsingu og fallegur garður í suðvestur. Húsið er staðsett á fallegum stað við opið svæði. Mjög stutt er í leikskóla, grunnskóla, sund og á golfvöll Mosfellsbæjar. **Seljandi skoðar skipti á minni eign!**
V. 44,5 m.



Lindabyggð - Parhús

Vel skipulagt 177,1 fm parhús með bílskúr við Lindabyggð 9 í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, borðstofu, stóra stofu m/sólstofu, eldhús, þvottahús, sjónvarpshol, 4 svefnherbergi. og baðherbergi. Búið er að loka bílskúr og það nýtt sem vinnaðastaða. **Húsið er laust til afhendingar!**
V. 35,5 m.



Furubyggð - Raðhús

Fallegt 112,4 fm endaraðhús á einni hæð á stórrí hornlóð í grónu og fallegu hverfi. Vel skipulagt á tveimur þöllum, hannað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt. Í íbúðinni eru þrjú svefnherbergi, baðherbergi, sér þvottahús, eldhús með borðkrók og stór stofa/sólstofa. **Lækkað verð! Verð áður 34,9 m. Verð nú 26,9 m.**



Súluhöfði - M/auka íbúð

Falleg 197,4 fm efri sérhæð með innbyggðum bílskúr og 62,7 fm auka íbúð í kjallara í tvíbýlishúsi við Súluhöfða 25. Hæðin skiptist í forstofu, hol, fjögur svefnherb., tvö baðherb., þvottahús, eldhús, sjónvarpshol, stofu, borðstofu og 37,5 fm bílskúr. Íbúðin á neðri hæð skiptist í opið rými með eldhúsi og rúmgóðri stofu, forstofu, baðherb., svefnherb. og geymslu.
V. 52,9 m.



Klapparhlíð - 4ra herbergja

Falleg 99,9 fm, 4ra herbergja endaíbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérgarði í 3ja hæða fjölbyli. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús með borðkrók, stóra og bjarta stofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Mjög góð staðsetning stutt er í skóla, leikskóla, World Class og sund.
V. 23,6 m.



Fálkahöfði - 3ja herbergja

Falleg 103,9 fm, 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð í 3ja hæða fjölbyli við Fálkahöfða í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, eldhús með borðkrók, þvottahús, tvö rúmgóð herbergi, baðherbergi og sérgeymslu Frábær staðsetning!

V. 23,9 m.



Þverholt - 4ra herbergja

Vel staðsett íbúð á 3. hæð í 3ja hæða fjölbyli við Þverholt 11 í miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin er skráð 114,8 m2 en auk þess er risloft sem ekki telst í m2 tölu íbúðarinnar. Í íbúðinni eru þrjú svefnherbergi. **Ahvílandi ca. 23,5 m. 1 milljón út og yfirtaka á lán!**
V. 24,5 m.



Þrastarhöfði - 3ja herbergja

Glæsileg 88,4 fm, þriggja herbergja íbúð á annari hæð í þriggja hæða fjölbylishúsi við Þrastarhöfða 4-6 í Mosfellsbæ, ásamt staði í bílageymslu. Íbúðin er mjög glæsileg með fallegum og vönduðum innréttingum. Parket og náttúruflísar eru á gólfum.
V. 24,9



Tröllateigur - 3ja herbergja

Falleg 121,9 m2, 3ja herbergja íbúð á 3. hæð ásamt bílastæði í bílajakallara í glæsilegu fjölbyli við Tröllateig í Mosfellsbæ. Vönduð og fallega innréttað íbúð með fallegu útsýni til suðvesturs. Eikar parket og ljósar flísar eru á gólfum, innihurðar og innréttingar eru spónlagðar með eik.
V. 26,9 m.



Hulduhlíð - 2ja herbergja

Falleg 2ja herbergja, 65,8 m2 íbúð á 2. hæð í litlu fjölbyli í Hulduhlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, rúmgott svefnherbergi, góða geymslu (sem hægt er að nota sem leikherb. eða tölvuherb.), baðherbergi, þvottahús, stofu og eldhús með borðkrók. Stutt í sund, skóla og leikskóla.
V. 18,7



Litlikriki 40-42 - Parhús

Parhúsin tvö við Litlikrika 40 og 42 eru til sölu í einu lagi. Húsin standa á einum flottasta staðnum í Krikkahverfinu í Mosfellsbæ. Hvert hús eru 230,0 m2 á tveimur hæðum með bílskúr. Húsin eru að mestu uppstept í dag. Gólfhitalagnir og rör í rör kerfi eru kominn í gólf neðri hæðar. Ídráttarrör og dósir komnar í steypa vegg. Húsin tvö seljast í einu lagi í núverandi ástandi - **Verð kr. 47.900.000 fyrir bæði húsin**



Stefnir á 3. sætið

Ragnheiður Ríkharðsdóttir alþingismaður, sækist eftir 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvestur kjördæmi.



Ragnheiður starfaði sem kennari við Gagnfræðaskólann í Mosfellsbæ 1983-1991, skólastjóri við sama skóla 1991-2000. Skólastjóri Hjallaskóla í Kópavogi 2001-2002.

Ragnheiður hefur setið á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn frá því í maí 2007. Áður var hún oddviti Sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ og bæjarstjóri 2002-2007.

Ragnheiður er gift Daða Runólfs-syni og eiga þau saman tvö börn.

Bryndís í framboð

Bryndís Bjarnarson býður sig fram í 2. sætið á lista Framsóknarflokksins.



Bryndís sat í bæjarstjórn Mosfellsbæjar á árunum 2002-2006 og í nefndum á vegum Mosfellsbæjar á árunum 1998-2006.

Bryndís Bjarnarson er 44 ára Mosfellingur móðir þriggja barna á aldrinum 14-22 ára. Hún er með BA gráðu í Hagfræði, heimspeki og stjórnmálafræði frá Háskólanum á Bifröst og er að ljúka meistaranámi í menningarstjórnun við sama skóla.

Frestur rennur út

Framboðsfrestur flokkanna fyrir prófkjör var ekki runnin út þegar blaðið fór í prentun. Mosfellingur minnst því hér á þá aðila sem vitað er til að muni bjóða sig fram og nöfn þeirra sem hafa sýnt áhuga á umfjöllun í blaðinu.

ELDRI BORGARAR

Jónasarvaka!

Ferð verður í Félagsmiðstöðina Gjábakka Kópavogi, föstudaginn 20. mars og lagt af stað frá Hlaðhömrum kl. 13. Boðið verður upp á Jónasarvöku, þ.e. söngur við ljóð Jónasar Hallgrímssonar og upplestur.

Skráning í síma 5868014 kl. 13-16.

Yfir 30 tónleikar víðs vegar um Mosfellsbæ

Opin tónlistarvika

Í vikunni var opin vika í tónlistardeild Listaskóla Mosfellsbæjar. Þá viku var ekki hefðbundin kennsla í skólanum, en nemendur héldu tónleika fyrir bæjarbúa, þ.e. fyrir alla bekkir grunnskólanna, alla leikskólana og ýmsar stofnanir og fyrirtæki. Mosfellingur kíkta í Bæjarleikhúsið þar sem tónleikar stóðu yfir fyrir leikskólabörn bæjarins.



Þekkir einhver fólkíð á myndinni? Sendið upplýsingar á Gauja litla.



Guðjón safnar nú heimildum um merka sögu ullariðnaðar.

Guðjón Sigmundsson vinnur að heimildarmynd um Álafoss í 100 ár

Safnar heimildum um Álafoss

Hafinn er undirbúningur að gerð heimildarmyndar um „Álafoss í 100 ár“. Um er að ræða sögu Álafoss frá árinu 1896, þegar fyrsta hús var reist við bakka Varmár í Mosfellssveit, að þeim tímamótum er verksmiðjan flyst í stærra húsnæði, svokallaða Nýja verksmiðju á 7. áratug þessarrar aldar.

Starfsfólk Klæðaverksmiðjunnar

Kvikmyndafyrirtækið Álafoss Productions undir stjórn Guðjóns Sigmundssonar, betur þekktum sem Gauja litla, vinnur að gerð myndarinnar ásamt Hildi Margrétardóttur. „Við viljum gjarnan heyra í fólki sem starfaði hjá Klæðaverksmiðjunni í Álafossi á síðustu öld. Við erum að leita eftir frásögnum auk muna tengdum Álafossi, ljósmyndum, hreyfimyndum og öðru í þeim í dúr frá þessum tíma“, segir Guðjón. „Afi minn og amma störfuðu hér á sínum tíma og má segja að áhugi minn hafi kviknað út frá því“.

Merkileg saga ullariðnaðarins

Saga Álafoss nær yfir merkan kafla frumbersku íslensks iðnaðar, uppbyggingu stóriðjuullariðnaðarins um miðja síðustu öld allt að lokum fyrirtækisins í enda 9. áratugarins. Oft er talað um Álafoss sem fyrsta fjölmenningsasamfélag á Íslandi og starfsfólkinu líkt við eina stóra fjölskyldu.

Um 1920 keypti Sigurjón Pétursson (1888-1955) Álafossverksmiðjuna og hóf þar með stórsókn á sviði iðnframleiðslu. Hann var afar litríkur persónuleiki sem dreif menn áfram af hugsjónum og hugmyndaauði.

Mosfellsbær hefur stutt myndarlega við gerð heimildarmyndarinnar sem verður öflug heimild um Álafoss auk þess sem hægt verður að nota hana sem kennslugagn og kynningu á starfsemi ullariðnaðarins.

Þeir sem vilja deila frásögnum, myndum eða munum er bent á að hafa samband við Guðjón í síma 660-8585 eða í gegnum netfangið gaujalitli@alafosspro.is.

Sumarferð - Kárahnjúkar!

Sumarferð félagsstarfsins verður dagana 19.-22. júní. Farið verður að Kárahnjúkum. Skráning er hafin og er staðfestingargjald kr. 10.000. Best er að skrá sig sem fyrst vegna takmarkaðs sætaframboðs. Heildarverð er kr. 39.700. Innifalið: Þrjár gistinætur með morgunverði, þrír hádegisverðir, þrír kvöldverðir og akstur. Nánari upplýsingar og skráning á skrifstofu. Félagsstarfsins Hlaðhömrum kl. 13-16, s. 5868014

Námskeið í leirmunagerð

Byrjar þriðjudaginn 17. mars kl. 9 f.h. Skráning í síma 5868014 kl. 13-16.

Ath: Handveksstofurnar á Hlaðhömrum

eru opnar kl. 13-16 fyrir þá sem hafa áhuga á allskonar almenntri handavinnu, glerlist, bókbandi, tréskurði og ekki síst að taka þátt í góðum félagskap.

Góð leikfimi er á mánudögum kl. 14.10. Einnig eru æfingartæki í íþróttasal til afnota fyrir eldri borgara.

522-2222

MEGASDAGAR
alla mánudaga

16" PIZZA *með 3 áleggstegundum* **1.290kr**

 **BOLTINN Í BEFINNI**
KALDUR Á KEFNA 

&

ELDHEITAR
LUMMUR

Besti vinur
bragðlaukanna
ekta ostur, eldbakstur & ástríða


ELDHÚSIÐ
Pizzabakari



Gefur kost á sér

Bryndís Haraldsdóttir, varaping-
maður, gefur
kost á sér í
prófkjöri sjálf-
stæðismanna.
Bryndís vill
bjóða fram
krafta sína í því endurreisnar-
starfi sem framundan er í
íslensku samfélagi og atvinnulífi.
Bryndís vill að endurreisnin
byggji á grunnildum sjálfstæðis-
stefnunnar og að endurbætt
Ísland sé sanngjarnara og fjöl-
skylduvænna. Hún var formaður
atvinnu- og ferðamálanefndar
Mosfellsbæjar á árunum 2002-
2004 og hefur frá árinu 2004 setið
í skipulags- og byggingarnefnd
bæjarins. Bryndís Haraldsdóttir
er 32 ára viðskiptafræðingur, gift
Örnólfi Örnólfsyni og eiga þau
þrjú börn.



Stefnir á 3.-5. sæti

Íris Björg
Kristjánsdóttir
er einn nýrra
íbúa í Leirvog-
tunga og hún
sækist eftir
3.-5. sæti á
lista Samfylk-
ingarinnar í
SV-kjördæmi.



„Samfylkingin stendur fyrir þeim
grunnildum jafnaðarmanna-
stefnunnar sem ég trúí á. Ég óska
því eftir umboði til að taka þátt
í þeirri endurnýjun sem þarf að
eiga sér stað á Alþingi,” segir Íris.
Íris Björg er verkefnastjóri og
meistaraneemi í mannfræði.
Hún er gift Þóri Helga Bergssyni
matreiðslumanni hjá Maður
lifandi og saman eiga þau fjögur
börn á aldrinum 3-19 ára.

Svanur í framboð

Svanur Sigur-
björnsson,
læknir á
heilsugæslu-
stöð Mosfells-
bæjar og
Slysa- og
bráðamóttöku
Lsh, Fossvogi,



býður sig fram á lista Samfylking-
arinnar í SV-kjördæmi. Svanur
stefnir á 8.-10. sæti listans.
Menntun Svans er læknisfræði
og B.S. frá HÍ 1994 og lyflækning-
ar frá Cornell Háskóla New York
2001.

Svanur er giftur Soffíu Lárusdótt-
ur viðskiptafræðingi og búa þau
í Tröllateigi. Svanur leggur áher-
slu á mannréttindi, bætt siðferði
og lýðræði í stjórnmálum.



Palli Sturlu, Kiddi, Jón Hörður og Oddur
munda sig við sönginn.



Palli Guðjóns formaður skemmtinefndar
og veislustjórinn Þröstur Lýðsson.



Gunnar Steinþórs og Grétar Snær kátir
með myndina frægu af Kidda og Jóa
Björns að smakka hákarlinn (2003).

Sjávarréttahlaðborð Lionsklúbbs Mosfellsbæjar

Herrakvöld Lions



Úlfar og Svenni alveg að komast í girinn.



Palli Sturlu, Valur Oddsson, Siggí píp og
Ívar Ben. tóku vel á söngnum.



Kalli Lofts og Þengill læknir.



Kátir félagar í Hlégarði, Bjarni Ásgeirs,
Gunnar Magg, Helgi á Ökrum.



Félagarnir Sæmundur Eiríksson
og Gunnar Steingrímsson.



Ellert Austmann, Kjartan Lárusson, Atli Viðar Bragason, Daniel Björnsson, Pétur Péturs-
son og fleiri tóku hraustlega á sjávarréttahlaðborðinu sem var glæsilegt að vanda.



Feðgarnir Freyr og Halldór Runólfsson
taka á söngnum með Sígga píp



Hestamennirnir Sigurður Teitsson og
Ingvar Ingvarsson læknir.



Sigurður G. Tómasson og Helgi á Ökrum
taka sporið með óperudivunum.



Sungið af innlifun. Nonni Magg, Björn
Björgvins og Gunnar Steinþórs.



Vignir í Hlégarði, Kristmundur Jónasson,
Garðar Ólafsson og Heiðar Bachman



Birgir Friðriksson og ræðumaður
kvöldsins Sigurður G. Tómasson.

Gospelgleði

Í Lágafellsskóla sunnudaginn 1. mars kl. 20:00

Meðal flytjenda eru:

Óskar Einarsson,

Edgar Smári, Hrönn Svansdóttir og Fanney K.

Tryggvadóttir félagar úr Gospelkór Reykjavíkur,

Jónas Þórir,

Stefanía Svavarsdóttir,

Hreyndís Ylfa Garðarsdóttir,

Kirkjukór Lágafellssóknar ásamt hóp úr
æskulýðsstarfi Lágafellskirkju,

Allir velkomnir

Gylfi Guðjónsson ökukennari hefur komið víða við á lífsleiðinni, ef hann er ekki við kennslu þá eiga félagsmálin og ferðalögin hug hans allan.

Alltaf á ferð og flugi

Gylfi Guðjónsson fæddist á Ísafirði 2. maí 1944, sonur hjónanna Maríu Rebekku Sigfúsdóttur frá Bolungarvík og Guðjóns Halldórssonar skipstjóra frá Ísafirði. Hann á tvær systur þær Svanfríði Maríu og Selmu. Foreldrar hans slitu hjónabandi sínu er hann var tveggja ára og faðir hans fékk forræðið yfir honum en móðir hans yfir systrunum og þær fylgdu henni suður til Reykjavíkur. Seinna á lífsleiðinni eignaðist hann sex hálsfystkini og tvo fósturbræður.

Alinn upp í Ísafjarðardjúpi

„Ég var hjá ömmu Svanfríði á Ísafirði til fjögurra ára aldurs en þá var ég sendur með djúpbátum að bænum Hallsstöðum í Ísafjarðardjúpi til fósturs. Þar tóku við barns og unglingsárin í uppveiti við djúpið hjá yndislegum fósturforeldrum, þeim Ólaffu og Engilbert, mér leið vel þarna enda margt jafnaldra minna á þeim tíma, en nú er inndjúpið nánast í eyði,“ segir Gylfi er við rifjum upp árin hans fyrir vestan.

„Ég var látinn læra heima sem barn og var orðinn læs fimm ára og Njálu las ég á fornmálinu ellefu ára. Fósturfaðir minn réri með mig yfir í Reykjanesskóla er ég var níu ára þar sem ég var prófaður í lestri og reikningi. Á heimleiðinni yfir djúp skaut fósturfaðir minn sel og ég reri skektni á meðan, selurinn var síðan eldaður í matinn heima.“

Vann almenn sveitastörf

„Í djúpinu vann ég við almenn sveitastörf enda alltaf nóg að gera, veiddi líka sjóbleikju og silung í soðið. Ég gekk í barna- og framhaldsskóla í Reykjanesi og var fermdur í Nauteyrarkirkju af Séra Baldri Vilhelmssyni ásamt þremur öðrum árið 1958. Á unglingsárum mínum sótti ég sjóinn og fór fyrst frá Ísafirði, síðan með föður mínum frá Hafnarfirði og Reykjavík. Endaði síðan á afلاكskipinu Viðey RE-12 á loðnu, þörsknót og síld, þarna hafði maður góð



Gylfi og Elfa með börnum og barnabörnum á Skagen í Danmörku árið 2004. Aftari röð f.v. Svanhildur, Ásta Sonja, Ólafur, Gylfi, Engilbert, Heimir. Fremri röð f.v. Arna, Erna með Elfu Margréti, Elfa, Elfar Andri, Aðalheiður með Áslaugu Björk, Snæbjörn.



MOSFELLINGURINN

laun og ég var fljótur að panta mér nýjan Toyotajappa og fékk einn af fyrstu fimm bílunum sem komu til landsins.

Á síldarárunum kynntist ég konunni minni Elfu S. Guðmundsdóttur frá Króki í Grafningi og við keyptum okkar fyrstu íbúð í Kópavogi. Við eignuðumst þrjá drengi þá Heimi fæddan 1967, Ólaf fæddan 1969 og Engilbert fæddan 1973. Ég hætti sjómennskunni og fór að keyra sendibíl og seinna gerði ég út hópferðabíl


sem var notaður fyrir skólaakstur í Kjós, Kjarnesi og Mosfellssveit.

Álag og spennan í lögreglunni

„Árið 1968 sótti ég um starf hjá lögreglunni og fékk inni. Ég byrjaði í umferðardeild, tók síðan bifhjólapróf og hóf störf á lögregluhjólunum. Einnig tók ég meirapróf og seinna ökukennarapróf. Þremur árum síðar fór ég að kenna á bíl með lögreglustarfinu og hafði strax mikið að gera. Mér líkaði mjög vel í umferðadeildinni á hjólunum en yfir veturinn vorum við félagarnir líka á vegalögreglubílunum.“

Haustið 1977 hóf Gylfi störf hjá Rannsóknarlögreglu Ríkisins sem þá var nýstofnuð. Þar voru verkefni af öðrum toga, alvarlegar líkamsárásir, vinnuslys og dauðsföll. „Það var oft mikið álag og spennan í þessum verkefnum,“ segir Gylfi alvarlegur á svip. „Árið 1981 var orðin það mikil vinna við ökukennsluna að ég treysti mér ekki til þess að vera í báðum störfum svo vel færi. Ég sagði upp störfum hjá RLR og hef eingöngu starfað við ökukennslu síðan.

Reyndar setti ég á fót ásamt fleirum fiskeldisstöðina Blæx h/f við



Ísafjarðardjúp árið 1986, hafbeiti og sjókvíaldi sem varð gjaldþrota eins og fleiri. Ég tók persónulega á mig nokkurra milljóna króna skuld stöðvarinnar sem ég hefi staðið skil á.“

Byggðu hús í Mosfellssveit

„Vorið 1973 fluttum við fjölskyldan í Mosfellssveit, leigðum fyrst fram á haust íbúð að Blikastöðum hjá Helgu, Sigsteini og fjölskyldu á meðan við byggðum okkur raðhús við Stórateiginn. Við fluttum svo inn rétt fyrir jóln og höfum átt góða daga í Mosfellssveit og síðar bæ. Pólitíkin knúði dyra og ég hafði unnið hin ýmsu störf fyrir Framsóknarflokkinn en rétt fyrir kosningar 1998 kom upp einhver óværa og ég gekk úr flokknunum. Svo varð úr að við hópuðum okkur nokkur saman hér í bæ og stofnuðum óháðan lista og kölluðum hann Mosfellslistann. Við fengum ekki kjörinn bæjarfulltrúa en þetta var skemmtilegur en stuttur tími. Ég var utan flokka í fjögur ár, en gekk svo í Sjálfstæðisflokkinn árið 2002 og hef unnið ýmis trúnaðarstörf fyrir flokkinn síðan og geri enn.“

Ötull blaðaútgefandi

„Ég hef unnið að útgáfu þriggja héraðsblaða ásamt góðvini mínum Helga Sigurðssyni. Þetta voru Mosfellsfréttir, blað Framsóknarfélagsins; síðan óháð blað sem við nefndum Mosfellsblaðið og þá Varmá, fréttarit Sjálfstæðismanna. Mosfellsblaðið mun hafa verið þeirra öflugast en fyrir allnokkru hætti ég afskiptum af blaðaútgáfu“ segir Gylfi. „Ég hef starfað með Kiwanis hér til margra ára og er ennfemur meðlimur Bæjarrónanna sem er góður hópur fólks úr Mosfellsbæ sem ræðir málefni líðandi stundar og lætur sig allt varða.

Við hjónin höfum líka afskaplega gaman af því að ferðast og höfum farið í margar ferðir jafnt innanlands sem erlendis og einnig hef ég staðið fyrir hópferðum út um heim.

Árið 2004 ákváðum við fjölskyldan að minnka við okkur og seldum húsið eftir þrjátíu og tvö ár í sömu götunni en við fluttum ekki úr bænum því það er vergi betra að vera en hér,“ segir Gylfi brosandi og ekur af stað.

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.

Leikfélag Mosfellssveitar kynnir söngleikinn:

Töfirataskan



Í söngleiknum kynnast áhorfendur hinum ýmsu ævintýrapersónum eins og Mary Poppins, konungi ljónanna, litlu hafmeyjunni, Aladdin, Móglí og Fríðu.

Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna!

Miðaverð aðeins 1000 krónur.



Næstu sýningar:

laugardaginn 28. febrúar kl. 14

laugardaginn 28. febrúar kl. 16

laugardaginn 7. mars kl. 15 - Uppselt

laugardaginn 14. mars kl. 14

laugardaginn 14. mars kl. 16

Miðapantanir í síma 566-7788

Styrktarkvöld fyrir Rebekku Allwood

Í kvöld fer fram styrktarkvöld fyrir Rebekku Allwood sem lenti í hræðilegu slysi fyrir sex árum. Efnt er til tónlistarveislu á Ásláki sem hefst kl. 20 og stendur fram á nótt. Meðal þeirra sem leggja styrktarkvöldinu lið eru: Diddú, Hjalti Úrsus, Karlaður Kjalnesinga, Hljómur, Reynir Sig, Kalli Tomm, Hreindís Ylva, Geiri Slææ, Jónas Þórir og fleiri. Mofellingur hóf söfnunina fyrir júl og hafa viðbrögðin verið afar góð. Söfnunarreikningurinn er á nafni Rebekku í Íslandsbanka 0549-14-400541, kt: 020389-2499.



Valdimar afpakkar forystusæti

Valdimar Leó Friðriksson hefur afpakkað að leiða lista Frjálslynda flokksins í SV-kjördæmi fyrir komandi Alþingiskosningar. „Ég tek starf mitt fram yfir pólitíkina að þessu sinni. Ég gæti hins vegar vel hugsað mér að koma að sveitarstjórnarmálum í framtíðinni“, segir Valdimar Leó sem starfar sem framkvæmdastjóri Landssambands slökkviliðs- og sjúkraftutningamanna. Valdimar Leó sat á Alþingi fyrir Samfylkingu og síðar Frjálslynda árin 2005-2007.



Opið hús fyrir atvinnulausa

Miðvikudaga kl. 10-12 er Safnaðarheimili Lágafellssóknar með opið fyrir þá sem hafa upplifað atvinnumissi eða eru án atvinnu af öðrum ástæðum. Heitt verður á könnunni og hægt að spjalla saman. Einnig er hægt að spjalla við prest um vanda-mál. Hagnýtar upplýsingar eru aðgengilegar varðandi þá stöðu sem fyrir hendi er í þjóðfélaginu.

Hálfur milljarður í uppbyggingu skóla

Mosfellsbær hefur fengið 500 milljóna króna lán frá Lánasjóði sveitarfélaga til uppbyggingar grunnskólamannvirkja og annarra verkefna sem lýst er í fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar fyrir árið 2009. Til tryggingar láninu eru tekjur sveitarfélagsins. Lánið er til 15 ára.



Kvenfélag Kjósarhrepps hélt glæsilegt Porrablót að vanda og skemmti gestum með heimatilbúnum skemmtiatriðum sem slógu í gegn.

Hátt í 200 manns blótuðu í Félagsgarði

Porrablót í Kjósinni



Ásta og Hreiðar á Grímsstöðum.



Bændur og búalið skemmtu sér vel.



Tveir sterkir. Andrés og Höddi Magg.



Ásdís frá Valdastöðum, Sigga frá Blöndholti og Guðlaug frá Felli



Kátar í Kjósinni. Kata á Kiðafelli, Andrea Róberts, Rósa Guðný og Anna Björg.



Nágrannarnir úr dalnum. Guðmundur í Miðdal og Orri á Morastöðum



Bjössí frá Kiðafelli fór á kostum.



Ása og Maja á Morastöðum.



Jóhanna í Káraneskoti og Hermann á Hjalla.



Hreinn í Helgadal og Gísli á Meðalfelli.



Hringsjá
Náms- og starfsendurhæfing



Er kominn tími til að gera eitthvað?

Hringsjá veitir náms- og starfsendurhæfingu fyrir einstaklinga 18 ára og eldri sem hafa orðið fyrir slysum, veikindum, atvinnuleysi eða öðrum áföllum. Námið hentar einnig þeim sem hafa litla grunnmenntun. **Markmið nemenda er að halda áfram í námi og/eða að fara út á vinnumarkaðinn.**

Fullt nám

Umsóknarfrestur fyrir haustönn 2009 er til 15. apríl 2009.

Fullt nám er 3 annir og er inntaka tvisvar á ári. Kennend eru ýmis fög sem veita:

- undirbúningur fyrir atvinnu og frekara nám
- einingar í almennum framhaldsskólum
- aukna persónulega færni

Veitt er náms- og starfsráðgjöf, félagsleg ráðgjöf og sálfræðilegur stuðningur. Greiningar vegna lestrarerfiðleika. Tilhlýðun og stuðningur vegna námserfiðleika, prófkviða, ADHD og annarra persónulegra þátta. Markviss undirbúningur fyrir atvinnuleit eða skipulagningu áframhaldandi náms.

Kennt er í litlum hópum, námið er einstaklingsmiðað og áhersla lögð á þægilegt náms- og starfsumhverfi.

Kennslan hefst kl 8:45 alla daga og lýkur kl. 14:00 nema á föstudögum lýkur kennslu kl. 12:00.

Frekari upplýsingar veita **Helga Eysteinsdóttir**, náms- og starfsráðgjafi helga@hringsja.is og **Linda Skúladóttir**, forstöðumaður, linda@hringsja.is

Einnig má fá upplýsingar svo og umsóknareyðublað á vef Hringsjár, www.hringsja.is.

HRINGSJÁ, Hátúni 10d, Reykjavík. s: 552-9380/562-2840, www.hringsja.is

Námskeið

Inntaka fer fram allt skólaárið

- Minnistækni
- Sjálfstyrking til að efla sjálfsmynd, sjálfsöryggi og almenna vellíðan (**nýtt!**)
- Einstaklingsnámskeið vegna lesblindu eða sértækra námserfiðleika
- Grunnnámskeið í tölvunotkun
- Excel námskeið
- Bókhalðsnámskeið

Hvert námskeið er alls 20 klst. og kennt er tvo seinniparta í viku, oftast frá kl. 14:30-16:30.

Vinnustofa Þóru á Hvirfli í Mosfellsdal



Listmunir í miklu úrvali

Þóra Sigurþórsdóttir leirlistarkona - sími 5667098 – 8200321



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Styrkir til ungmenna í Mosfellsbæ

Íþrótt- og tómstundanefnd auglýsir eftir umsóknum vegna úthlutunar styrkja til efnilegra ungmenna sem leggja stund á íþróttir, tómstundir eða listir.

Öll ungmenni á aldrinum 14 til 20 ára, með lögheimili í Mosfellsbæ, sem skara fram úr og hafa sýnt sérstaka hæfileika á sínu sviði geta sótt um styrkinn.

Íþrótt- og tómstundanefnd hefur eftirfarandi viðmið þegar styrkjum er úthlutað:


- * Meðmæli þjálfara, kennara eða annars leiðbeinanda umsækjanda skulu fylgja með umsókninni. Þar skulu koma fram upplýsingar um ástundun, hæfileika, virkni og framkomu umsækjandans.
- * Nefndin skal gæta jafnræðis við val á styrkþegum bæði hvað varðar kynferði sem og milli listgreina og íþrótt- og tómstundagreina. Þessa jafnræðis skal gætt innbyrðis við hverja úthlutun sem og á milli ára.
- * Árlega veitir Íþrótt- og tómstundanefnd styrki til 3-5 einstaklinga, breytilegt milli ára þar sem kostnaður fer eftir aldri styrkþega.

Styrkurinn er fólgin í launum frá Vinnuskóla Mosfellsbæjar. Fyrir unglinga í þeim árgöngum sem starfa í Vinnuskólanum er greitt í samræmi við samþykktan taxta hverju sinni og í jafn langan tíma og samsvarar aldri hvers og eins. Ungmenni sem eldri eru fá greidd laun í tvo mánuði í samræmi við ungmennataxta bæjarfélagsins hverju sinni.

*Umsóknareyðublöð eru inn á heimasíðu
Mosfellsbæjar www.mos.is*

Skilafrestur er til og með 15. mars 2009 og skal umsóknum skilað í Þjónustuver Mosfellsbæjar.

Íþrótt- og tómstundanefnd



Fisk- búðin Mos

Háholti 13-15

(milli Krónunnar og Mosfellsbakarís)

VERÐDÆMI:

ÝSA R/BL 1090 KR./KG.*

ÝSA M/ROÐI 890 KR./KG.*

ÝMSIR RÉTTIR 1190 KR./KG.*

*ATH. þetta er ekki tilboðsverð heldur fast verð.

FERSKUR FISKUR

OPIÐ MÁN-FÖS KL. 10-19

Viðurkenningar veittar Skátar ársins

Mosfellsbær veitti skátum í Mosverjum viðurkenningar á árlegri uppskeruhátíð Mosverja. Skátahreyfingin heldur árlega svokallaðan „Góðverkadag“ í tilefni af afmæli Beden Powell stofnanda skátahreyfingarinnar. Fagnaðurinn var haldinn í Hlégarði sunnudaginn 22. febrúar en sá dagur er mikið notaður af skátum til að gera sér dagamun. Heimshreyfing skátakallar daginn Thinking day. Jóhanna Kristín og Ingvaldur voru valdar skátar ársins 2008 en þær hafa lengi starfað í Mosverjum og sýnt skátastarfinu mikinn áhuga. Þær eru m.a. hugmyndasmiðir að útivistarnámskeiðum sem haldin voru síðasta sumar. Einnig fengu viðurkenningu ungir og efnilegir skátar eins og sést á myndunum.



Skátar ársins 2008. Ingvaldur Ævarsdóttir og Jóhanna Kristín Andrédóttir.



Efnilegir skátar ársins 2008. Óskar Markús Ólafsson, Gunnar Ingi Stefánsson, Friðrik Sigurðsson, Agnar Davíð Halldórsson. Á myndina vantar Þorstein og Bergsvein Stefánssyni.

Býð mig fram í 2. sæti á lista Framsóknar

Ágæti sveitungi. Ég hef ákveðið að bjóða mig fram í annað sæti á lista Framsóknar í næstkomandi Alþingiskosningum.

Ég hef ekki boðið mig fram til Alþingiskosninga fyrr en sat í bæjarstjórn Mosfellsbæjar árin 2002-2006. Í ljósi aðstæðna í samfélaginu vil ég taka þátt í uppbyggingu hins nýja Íslands þar sem lýðræði verður í forgrunni með réttlæti, siðferði og jafnrétti að leiðarljósi.

Ég hef mikla réttlætiskennd og tel mikilvægt að spilling og hagsmunatengsl fái ekki að ráða í samfélaginu. Ég tók þátt í mótmælum frá því í haust með konum úr grasrótarhreyfingunni Neyðarstjórn kvenna. Á gamla Íslandi áttu konur ekki mikla möguleika í samfélagi sem hélt aftur af frama kvenna og launamunur jókst á þeim tíma sem útrás og virðing áhættuviðskipta var hafin til vegs og virðingar. Eftir hrun bankanna fékk þjóðin sig fullsadda og þorði loksins að mótmæla og láta í sér heyra. Siðgæðisvitund almennings er breytt! Fólk vill endurnýjun á gildum samfélagsins! Það þarf að byggja upp samfélag þar sem við hefjum til vegs og virðingar gildi jafnréttis og réttlætis.

Ég vil vinna að því að heiðarleg vinnubrögð séu viðhöfð í stjórnmálum og mun beita mér af fullum krafti fyrir gagnsæjum og lýðræðislegum stjórnaðráttum. Gildi og siðferði viðskiptaveldisins sem voru upphafin í samfélaginu eru liðin tíð, við þurfum að byggja upp nýtt siðferði í samfélaginu sem byggir á réttlæti, jafnrétti og virðingu. Nýju gildunum þarf að beina fyrst og fremst að einstaklingnum sem hefur áhrif út í þá málaflokka sem eru mikilvægir



eins og efnahagsmál, jafnréttismál, mennta- og mengingarmál.

Á nýju Íslandi er mikilvægt að stjórnsýslan og ríkisvaldið verði gagnsætt. Framkvæmdarvaldið verði aðskilið frá löggjafarvaldinu og þeir sem valdir eru til að gegna dómsvaldinu verði valdir beint af Alþingi eða sérstakri forvaltnesnefnd. Nauðsynlegt er að endurskoða kosningalöggjöfina með tilliti til kördæmaskipanar, val kjósenda á persónum og gera öllum kleift að bjóða sig fram til Alþingis.

Mikilvægt er að takast á við þann vanda sem stöðjar að þeim sem eru skuldbarir og jafnframt að skoða ábyrgð lánveitenda. Þá er nauðsynlegt að stöðva þá þróun sem hefur átt sér stað í atvinnumálum þjóðarinnar á undanförunum mánuðum en ég tel að íslenska ríkið verði að leggja mikla áherslu á að efla atvinnulífið í landinu. Atvinnulífið er einn af meginþáttum þess að Ísland geti náð að vinna sig upp úr þeim vandræðum sem nú stöðja að. Fjölmargar fjölskyldur eiga nú við fjárhagslegan vanda að etja vegna atvinnumissis og er því mikilvægt að efla atvinnuvegina sem mest.

Félagsmannaprófkjör Framsóknar í Suðvesturkjördæmi fer fram þann 7. mars n.k. Ef fólk sem ekki er skráð í Framsókn hefur hug á að styðja mig í prófkjörinu, þarf að skrá sig fyrir 2. mars nk. á framsokn.is. Endilega hafið samband við mig á bryndisb@bifrost.is eða á kosningaskrifstofu minni að heimili mínu Skeljatanga 11 og í síma 8918206.

Með von um þinn stuðning

Bryndís Bjarnarson

Ísland á tímamótum

Við Íslendingar stöndum nú á tímamótum. Á síðustu árum höfum við upplifað mesta góðæri Íslandssögunar. Nú er partyið búið og tímurbrennir hafa tekið við. Það er ljóst að margt fór úrskeiðis og Sjálfstæðisflokkurinn hlýtur að bera ábyrgð.

Mistök voru gerð, það er alveg ljóst annars hefði ekki farið sem fór. Það er nauðsynlegt að við lærum af þeim mistökum.

Skrifum framtíðina

Vitur maður sagði eitt sinn „Ég kvíði ekki framtíðinni, því ég ætla að skrifa hana“

Lykilatriði er að opna augu allra sem að málum koma fyrir því að framtíðin býr fyrir margvíslegum tækifærum og umfram allt að þjóðfélagið sé að taka stöðugum breytingum.

Mikilvægast auðlind okkar er sú þekking og kraftur sem býr í okkur Íslendingum. Grundvallaratriði er að tryggja að þessi þekking og kraftur glattist ekki.



Ég býð mig fram

Ég hef ákveðið að gefa kost á mér í þá vinnu sem fram undan er í íslenskum stjórnmálum og býð mig fram í prófkjöri sjálfstæðismanna sem fram fer í okkar kjördæmi 14. mars næstkomandi.

Ég trúi því að víðsýn umbóta-stefna á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis með hagsmuni allra stétta fyrir augum sé leiðin út úr þeim vanda sem við nú stöndum frammi fyrir.

Ég vil að endurbætt Ísland sé sanngjarnara og fjölskylduvænna en það samfélag sem við höfum lifað í á síðustu misserum og fyrir því mun ég beita mér.

Kæru sveitungar ég óska eftir ykkar stuðning laugardaginn 14. mars næstkomandi

Bryndís Haraldsdóttir

Frekari upplýsingar um mig og framboð mitt má finna á www.bryndisharalds.is

Undirbúningi miðar vel

Undirbúningi fyrir Framhaldsskólann í Mosfellsbæ miðar vel. Nemendur í 10. bekk bæði í Lágafellsskóla og Varmárskóla hafa verið heimsóttir og þeir upplýstir umvæntanleganskóla. Nemendur voru mjög áhugasamir og forvitnir um skólann og spurðu margra góðra spurninga. Nemendur voru einnig beðnir um að koma með hugmyndir að námsbrautum sem þeir hafa áhuga á og það er skemmtilegt að segja frá því að hugmyndir þeirra voru í meginatriðum samhljóða í öllum bekkjum og ákveðið hefur verið að taka tillit til þessara hugmynda að miklu leyti og hafa í boði í skólanum tvær stúdentsbrautir, aðra á sviði náttúruvísinda og hina á sviði félags- og hugvísinda og tvær styttri brautir þar sem áherslan verður annars vegar á íþróttir og lýðheilsu og hins vegar á listir. Einingar af þessum brautum verður síðan hægt að nýta á stúdentsbrautunum upp að vissu marki. Auk þess verður almenn námsbraut í boði fyrir þá nemendur sem eru óákveðnir eða þurfa að bæta undirbúning sinn í einhverri námsgrein eða námsgreinum, áður en þeir skrá sig á aðrar brautir.

Fundað hefur með kennurum í Varmárskóla og Lágafellsskóla og framhaldsskólann kynntur fyrir þeim. Þetta voru mjög góðir fundir,



kennarar áhugasamir um skólann og spurðu óspart.

Foreldrafundur var haldinn í Hlégarði í síðustu viku með foreldrum nemenda í 10. bekk. Fundurinn var ekki mjög fjölsóttur en góður fundur engu að síður og þar sköpuðust mjög skemmtilegar umræður um skólastarfið framundan.

Nú stendur fyrir dyrum ráðning aðstoðarskólameistara, staðan var auglýst og bárust 23 umsóknir. Þessa dagana er verið að vinna úr umsóknum og stefnt að því að því verði lokið innan tíðar. Skólinn mun auglýsa eftir öðrum starfsmönnum á næstu vikum, í mars og apríl.

Skólinn tekur til starfa í haust í Brúarlandi og þar standa yfir miklar framkvæmdir við að gera við húsið og gera það þannig úr garði að þar verði góð aðstaða fyrir skólastarf. Allar hæðir hússins verða notaðar og þannig fást sex-sjö kennslurými auk aðstöðu fyrir kennara og annað starfsfólk, samtals tæpir 500 m².

Eins og sést af framsögðu gengur undirbúningur fyrir skólafund Framhaldsskólans í Mosfellsbæ vel og allir sem að starfinu koma er ákveðnir í að byggja upp góðan skóla með metnaðarfullu námi og aðlaðandi skólabrag.

Guðbjörg Aðalbergsdóttir, skólameistari Framhaldsskólans í Mosfellsbæ

WWW.MOSFELLINGUR.IS



Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir listaverkum til kaups

Menningarmálanefnd auglýsir eftir myndlistamönnum sem óska eftir að bjóða Mosfellsbæ listaverk til kaups á árinu 2009. Menningarmálanefnd setur innkaupum skilyrði hverju sinni í samræmi við verklagsreglur.

Forsendur listaverkakaupa 2009

1. Myndlistarmenn sem fyrir vali verða skulu uppfylla eitt eða fleiri af eftirfarandi skilyrðum:
 - Hafi lagt skerf til listalífs í Mosfellsbæ t.a.m. með sýningarhaldi.
 - Eigi lögheimili í sveitafélaginu.
 - Teljist með einum eða öðrum hætti hafa með list sinni lagt íslenskri menningu lið.
2. Ljósmynd af verki, ferilskrá listamanns, verð og texti um verkið skal skila inn á rafrænu formi eigi síðar en 13. mars, 2009. Leyfilegt er að senda inn tvö verk að hámarki.
3. Umsóknir skulu merktar Menningarsviði Mosfellsbæjar og skal skilað í þjónustuver Mosfellsbæjar á geisladiski eða sent með rafrænum hætti á netfangið: mos@mos.is
4. Nefndin áskilur sér rétt til að hafna umsókn umsækjanda að hluta eða alfarið.
5. Niðurstöður menningarmálanefndar Mosfellsbæjar munu liggja fyrir eigi síðar en 16. apríl 2009 og eru háðar samþykki bæjarstjórnar.

Fræðslu- og menningarsvið Mosfellsbæjar
Þverholti 2, 270 Mosfellsbær

María Ólafsdóttir söngkona lenti í þriðja sæti Góður árangur á Samfés

María Ólafsdóttir náði þeim frækilega árangri að lenda í þriðja sæti í söngvakeppni Samfés, Samtökum félagsmiðstöðva á Íslandi, sem haldin var í Laugardalshöllinni um síðastliðna helgi. María er nemandi í 10. bekk í Lágafellsskóla. Hún kom sá og sigraði söngkeppni Bólsins sem haldin var á haustdögum með laginu „Inside your heaven“. Hún gerði sér svo lítið fyrir og sigraði undankeppni suðurlandshluta Samfés í nóvember á Selfossi.

Teitur Björgvinsson, hjá félagsmiðstöðinni Ból segir að starfsfólk Bólsins sé yfirsig stolt af þessum söngfugli sínum. „Það er gaman að sjá hversu mikið af hæfileikaríku ungu fólki við státum af og hversu mikil hvatning það er fyrir bæjarlífið,“ segir Teitur.



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Innritun í grunnskóla Mosfellsbæjar

Innritun í grunnskóla Mosfellsbæjar skólaárið 2009-10 fer fram í gegnum íbúagátt Mosfellsbæjar (ibuagatt.mosfellsbaer.is eða krækja hægra megin á forsiðu mos.is)

Innritun 6 ára barna sem hefja grunnskólagöngu haustið 2009 fer fram frá 1. mars til 18. mars

Umsóknir um skólavist í Krikaskóla fyrir 7-9 ára börn (2.- 4. bekk) fer einnig fram á þessum dögum.

Innritun skólaskyldra barna og unglinga sem flytjast til Mosfellsbæjar eða koma úr einkaskólum þarf að fara fram fyrir 1. apríl.

Sérstök athygli er vakin á því, að umsóknarfrestur til að stunda nám í grunnskólum annarra sveitarfélaga er til 1. apríl og skulu umsóknir berast í gegnum íbúagátt Mosfellsbæjar. Sækja þarf um að nýju fyrir nemendur, sem nú eru í slíkum skólum, ef gert er ráð fyrir að þeir verði þar næsta vetur.

Nánari upplýsingar og aðstoð veita skólastjórnendur grunnskólanna og Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar. Þeir sem óska eftir aðstoð og leiðbeiningum vegna íbúagáttarinnar geta einnig snúið sér til þjónustuvers Mosfellsbæjar.

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar

Fyrirlestur um jarðfræði Esjunnar og Mosfellsbæjar

Þann 10. mars flytur Ingvar Birgir Friðleifsson forstöðumaður Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna fyrirlestur í Listasal Mosfellsbæjar um jarðfræði Esjunnar og Mosfellsveitar.

Ingvar Birgir varði doktorsritgerð um jarðfræði Esjunnar 1973 og er einn helsti jarðhitasérfræðingur landsins. Hann er einn af okkar bestu fyrirlesurum og er því mjög eftirsóttur. Hér er því um einstakt tækifæri að ræða að fræðast um jarðfræði nánasta umhverfis okkar. Fyrirspurnir. Áætlað er að fræðslufundurinn og umræður taki um 1 1/2 tíma.

Fyrirlesturinn hefst stundvíslega kl.18.

Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir!

Umhverfis- og náttúrurfræðifélag Mosfellsbæjar

Áform um byggingu nýrrar kirkju í Mosfellsbæ hafa staðið lengi

Undirbúningshópur sem skipaður var í þeim tilgangi var settur á lagginar vorið 1999.

Hópurinn vann síðan í nánú samstarfi við sóknarnefnd, prest og framkvæmdastjóra Lágafellssóknar. Undirbúningshópurinn kynnti sér hinar ýmsu kirkjubyggingar hér um slóðir og ræddi við forráðamenn þeirra um helstu kosti og galla sem væru á kirkjunum að þeirra mati til þess að þær þjónuðu vel þörfum þeirra og þeirra einstaklinga og hópa sem störfuðu við þær. Þannig varð til sá vísir að þarfagreiningu nýrrar kirkju sem núverandi byggingarnefnd nýtti sér til frekari útfærslu.

Á grundvelli þessa var formlega leitað til bæjaryfirvalda um úthlutun lóðar undir nýja kirkju í bæjarféluginu.

Þann 12. nóvember 2003 var skipuð byggingarnefnd með sérstöku erindisbréfi dags. 27. nóvember 2003. Tilgangurinn með skipun nefndarinnar var að hún yrði ráðgefandi um byggingu nýrrar kirkju í Mosfellsbæ. Nefndin starfar í umboði sóknarnefndar Mosfellsprestakalls.

Á vormánuðum 2004 sendi Lágafellssókn bréf til Mosfellsbæjar um formlegt samstarf sóknarnefndar og bæjaryfirvalda um kirkjubyggingu. Bréfið fékk afgreiðslu á 663. fundi bæjarráðs þann 5. maí 2004. Þá fól bæjarráð bæjarstjóra og formanni



skipulags- og byggingarnefndar að hefja viðræður við sóknarnefnd um erindi bréfsins.

Á þeim fundum var velt upp þremur hugmyndum um staðsetningu kirkju á miðbæjarsvæði Mosfellsbæjar. Við Þverholt þar sem nú stendur leikhúsið, við Bjarkarholt (þar sem væntlegur fjölbrautarskóli mun rísa) og við Háholt þar sem nú stendur gamla kaupfélagið (áður blómahúsið Hlín). Byggingarnefndin fékk í framhaldi af þessu fimm arkitektastofur til að leggja faglegt mat á þessar lóðir með tilliti til hugsanlegrar kirkjubyggingar.

Samkvæmt því mati og að vali sóknarnefndar var bestu kosturinn talinn sá að sækja um lóðina við Háholt.

Formlegt erindi þar um var sent til bæjarfélagsins þann 27. júní 2006. Á því ári samþykkti bæjarstjórn að kirkjan fengi lóð við Háholt 16-18, en bent hefur verið á að deiliskipulagsvinnu á miðbæjarsvæðinu væri ekki lokið.

Á grundvelli þessa kynnti Lágafellssókn fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir á nýrri kirkju fyrir Fjárhagsnefnd biskupsstofu á fundi þann 5. des. 2006.

Formlegt samþykki um byggingu nýrrar kirkju var gert á aðalsafnaðarfundi Lágafellssóknar þann 30. maí 2007.

Viljayfirlysing Lágafellssóknar

og bæjarstjórnar Mosfellsbæjar var undirrituð þann 25. júní 2008 um samstarf þessara aðila við að sambyggja kirkju/safnaðarheimili og menningarhús og rekstur þess, ef til þess kæmi. Nýta möguleika til samrekstrar húsnæðis og tækjabúnaðar í þágu sameiginlegra verkefna og verkefna hvors aðila fyrir sig. Nýta tækifæri sem skapaðist með aukinni samvinnu málsaðila. Halda samkeppni um hönnun húsnæðisins.

Byggingarnefnd kirkju hefur lagt mikla og óeigingjarna vinnu í að ljúka þarfagreiningu á kirkjubyggingu og starfsemi henni tengdri, það er sú þarfagreining sem sett er inn í hugmyndasamkeppni um menningarhús og kirkju í Mosfellsbæ, þá sem nú er í gangi á vegum Arkitektafélags Íslands og vænst er mikils af. Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum í lok maí n.k.

Við viljum þakka mjög gott samstarf við bæjarstjórn og undirbúningsvinnu dómnefndar, það hefur verið unnið fagmannlega í góðri samvinnu við Arkitektafélag Íslands.

Undirritaður vill ljúka lofsorði á framkomna tillögu að deiliskipulagi miðbæjarsvæðis í Mosfellsbæ, sem kynnt var þann 11. febrúar s.l. Þar hefur að mínu mati vel til tekist og mikil alúð og metnaður lagður í verk. Fyrir það ber að þakka öllum sem lögðu hönd á plóg.

Hilmar Sigurðsson
formaður sóknarnefndar Lágafellssóknar.

ÚR NETHEIMUM

Gunni í Klapparhlíðinni

Ég hitti Gunna reglulega í Krónunni í Mosó, en hann vinnur þar og er mjög viðkunnalegur maður. Hann hefur skemmtilega nærveru og m.a. hefur hann mælt með hinum og þessum vörum sem eru nýjar í verslunni. [...] En meira um hann. Gunni hafði sumsé samband við okkur á Bylgjunni til að fá aðstoð við að finna sér konu, ekki bara hvaða konu sem er, heldur konuna sem hann vill eyða ævinni með. Hann gerir tvær grunnkröfur: a) hún verður að eiga bíl (hann á sjálfur hjól en ekki bíl) b) hún verður að eiga tölvu (hann á ekki tölvu) Síðan væri gott ef að hún gæti eldað eitthvað annað en bjúgu, því Gunni kann það alveg sjálfur. Einnig væri kostur ef að konan væri skemmtileg og góð. Sjálfur er hann skemmtilegur, góður og býr sjálfur í finu húsnæði. Hann er líka áhugamaður um úr og safnar pennum.

blogg.visir.is/simmiogjo

Mosfellsbær hafnar atvinnustarfsemi!

Bæjarráð hefur samþykkt umsögn skipulagsstjóra en hún er neikvæð gagnvart uppbyggingu N1 á lóðum þeirra við Langatanga en félagið hafði í hyggju að færa út kvíarnar og byggja enn frekar upp smurstöð og viðgerðarþjónustu á óbyggðri lóð sinni á bak við dekkjaverkstæðið. Undrun sætir að félaginu skuli vera hafnað um uppbyggingu á lóðinni og ekki hvað síst hvað varðar núverandi efnahagsástand. Reikna má með því að u.þ.b. 5-10 framtíðarstörf hefðu skapað auk annarra starfa á framkvæmdartímanum.

[mosfellsfrettir.is](#)

Æfing #63

Þessa æfingu gerum við sitjandi á stól með iljar í gólf gott bíl á milli hnánna og bakið beint. Teygjum armana fram í axlahæð og liðkum fingur með því að kreppla hnefa og glenna fingur í sundur til skiptis - endurtaka tíu sinnum. Liðkum fingurna aðeins betur og hreyfum fingur eins og við séum að leika á píano (leikur okkar uppáhaldslag). Liðkum síðan úlnliðina með því að snúa þeim í hringi tíu sinnum og síðan alveg eins í gagnstæða átt - slökum á og hristum vel hendur og axlir.

[Halldóra Björnsdóttir á Facebook](#)

Aðsendar greinar um bæjarmál í Mosfellsbæ

Greinum skal skila inn með tölvupósti á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is Hámarksorðaföldi 500 orð.

Geðrækt á viðsjárverðum tímum

Það eru viðsjárverðir tímur. Áður þekkt kerfi er hrundið og óvissa blasir við. Við þurfum að rannsaka hvað gerðist, hreinsa upp úr rústinum og byggja upp að nýju. Til þess að vel takist til þurfum við að vera vel á okkur komin, andlega sem líkamlega. Þannig getum við betur mætt þeim mótvindi sem blæs um samfélag okkar.

Það er mikilvægt fyrir ríki og sveitarfélög að vanda sig vel og kasta ekki krónunni fyrir aurinn. Sparnaður getur komið út sem gríðarlegur aukakostnaður annars staðar ef dæmið er ekki reiknað til enda. Sem dæmi má taka að vanúthugsaður niðurskurður í velferðarkerfinu getur reynst okkur dýrkeyptur þegar upp er staðið. Heldur þarf að bæta í velferðarkerfið þannig að það geti sótt fram. Sókn er besta vörnin.

Huga þarf að andlegri heilsa okkar. Við þurfum að stunda geð- og líkamsrækt til þess að halda hug okkar og líkama í jafnvægi. Þegar við lifum þá tíma sem nú eru uppi þar sem neikvæðni, streita, álag og óvænt áföll



eru algeng verður mikilvægi sjálfsræktar enn meira.

Ritað hefur verið um það víða, t.d. á vef Lýðheilsustöðvar (sjá www.lydheilsustodvar.is) að 25% Íslendinga þjáist af geðheilsuvanda af einhverjum toga á hverjum tíma. Samkvæmt Alþjóðaða

heilbrigðismálastofnuninni (WHO) eru kvíði og þunglyndi meðal helstu orsaka heilsuþrestra og skerðingar sem hlotist getur í kjölfarið. Slíkt kostar samfélög gríðarlegar fjárhæðir fyrir utan þær afleiðingar sem ekki er hægt að mæla sem hljóttast af slíku. Þunglyndi og kvíði hefur verið líkt við faraldur sem herjar á hið vestræna samfélag og það var fyrir kreppu. Núna er enn meiri hætta á ferðum því streita, álag og óvænt áföll auka líkur á þunglyndi og kvíða.

Við þessu þarf að bregðast strax af fullum þunga. Auka þarf aðgengi almennings að sálfræðingum og öðru fagfólki með því að niðurgreiða þjónustu þeirra á sama hátt og annarra heilbrigðisstétta. Taka þarf í taumana strax og andleg vanlíðan lætur á sér kræla. Mikilvægt er að bregðast

fljótt við og helst áður en til lyfjameðferðar kemur.

Hentugt er að nýta þá miklu og góðu þekkingu sem skapað hefur í tengslum við verkefnið Geðrækt sem starfrækt er á vegum Lýðheilsustöðvar. Verkefnið er fræðslu- og forvarnarverkefni um geðheilsu og áhrifaþætti hennar. Því er ætlað að fræða fólk um geðheilbrigði og geðraskanir, um forvarnir og eflingu geðheilbrigðis og draga úr fordómum. Þar má finna ýmislegt sem hver og einn getur nýtt sér geðheilsunni til góða, t.d. geðræktarkassann og geðorðin tíu. Einnig má þar finna upplýsingar um annað verkefni sem er sérsníðið með það að markmiði að efla geðheilsu barna. Það heitir Vinir Zippý og er alþjóðlegt lífsleikninámsefni sem er ætlað að efla geðheilbrigði 6-7 ára barna og hefur verið notað með góðum árangri víða um heim. Verkefnið er nú þegar kennt í mörgum skólum og er vonandi nýtt vel hér í Mosfellsbæ.

Góð geðheilsa er gulli betri!

Kristbjörg Þórisdóttir, nemi og félagi í Framsóknarfélagi Mosfellsbæjar.

Heimsóknarvinir Rauða kross Íslands

Heimsóknarvinir eru sjálfboda- liðar Rauða krossins sem yfirleitt heimsækja gestgjafa sína einu sinni í viku, klukkustund í senn. Þeir sem heimsækja eru karlar og konur, ung- ir og aldnir, allt fólk sem er tilbúið að gefa tíma sinn til að gleðja aðra.

Það fer svolítið eftir áhugamálum og aðstæðum þess sem heimsóttur er, hvernig gestgjafi og heimsókna- vinur verja tímanum saman. Sumir vilja bara spjalla um daginn og veg- inn, aðrir hlusta á lestur úr góðum bókum, spila eða fara í gönguferð, svo eitthvað sé nefnt, allt eftir því hvað gestgjafi og heimsóknarvinnur koma sér saman um.

Heimsóknir eru meðal annars á heimili fólks, dvalarheimili, sjúkra- hús eða sambýli, auk þess sem einn- ig eru starfandi svokallaðir ökuvinir, sem bjóða gestgjafa sínum í bíltúr í stað heimsóknar á heimili. Einnig bjóða nokkrar deildir upp á heim- sóknir með hunda.

Heimsóknarvinur þarf að hafa gaman af því að umgangast fólk, vera traustur og áreiðanlegur og kunna að hlusta á aðra.

Undanfari heimsóknarvina, voru svokallaðir sjúkravinir sem hófu heimsóknir um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar, en verkefnið í þeirri mynd sem nú starfar, hófst ár- ið 2001.

Þeir sem vilja gerast heimsóknar- vinir þurfa að sækja undirbúnings- námskeið sem haldin eru hjá deild- um Rauða krossins víða um land. Á námskeiðinu er fyrst farið í stuttu máli yfir stöðu og markmið verkef- nisins, en síðan er farið yfir hlutverk heimsóknarvina og þær reglur sem unnið er eftir. Heimsóknarvinum stendur einnig til boða fjölbreytt fræðsla, námskeið og handleiðsla eftir að þeir taka til starfa og hefja heimsóknir.

Þeir sem hafa áhuga á að gerast heimsóknarvinir eru hvattir til að hafa samband við Rauða kross deild- ina á sínu svæði og spyrjast fyrir um verkefnið og námskeið til undirbún- ings.

Stjórn Kjósarsýsludeilda
Rauða Kross Íslands
www.redcross.is - kjosarsysla@redcross.is



Ungliðahópur Leikfélagsins setur upp söngleik Töfrataskan á svið

Þessa dagana er mikið um að vera hjá Leikfélagi Mosfellssveitar. Hafnar eru sýningar á söngleiknum Töfratöskunni en það er ungliðahópur leikfélagsins sem setur verkið upp. Í söngleiknum kynnast áhorf- endur ýmsum ævintýrapersónum eins og Mary Popp- ins, konungi ljónanna, litlu hafmeyjunni, Aladdin, Mógli og Fríðu. Leikstjórar eru Sigrún Harðardóttir og Agnes Wild.

Föstudaginn 13. febrúar s.l. tók LM þátt í Safnanótt Reykjavíkur og fór dagskráin fram í Norræna húsinu. Sýndar voru þrjár sýningar af stuttverkinu Norræna Draugaráðstefnan eftir Kristján Þorvald Kristjánsson en leikstjóri var Guðný María Jónsdóttir. Brátt hefjast æfingar á Franska kaffihúsinu sem er verk eftir Maríu Guð- mundsdóttir í leikstjórn Guðnýjar Maríu Jónsdóttur og er áætlað að frum- sýna það í byrjun apríl.



Dóra Wild í hlutverki draugsins Gláms í Draugaráðstefnunni.

MOSFELLINGUR KEMUR NÆST ÚT 20. MARS
SKILAFRESTUR EFNIS ER 16. MARS



PIZZUR

MARGARITA	m/sósu og osti	970	1390	1680	1990
KRYDDPIZZA	m/osti og kryddblöndu	970	1390	1680	1990
SJÁVARRÉTTAPIZZA	m/sósu, osti, rækjum, túnfiski og kræklingi	1450	2020	2650	3470
HAWAII	m/sósu, osti, skinku og ananas	1240	1790	2360	2920
SOMBRERO	m/sósu, osti, nautahakki, sveppum og pepperoni	1450	2020	2650	3470
HRÓI HÖTTUR	m/sósu, osti, skinku, pepperoni, ananas og lauk	1570	2250	2990	3580
BOLOGNESE	m/sósu, osti, nautahakki, sveppum og papriku	1450	2020	2650	3470
MEXICANA	m/sósu, osti, kjúklingi, nachos, lauk, papriku, rjómaosti og jalapenos	1570	2250	2990	3580
HRÓI FAJITAS	m/sósu, osti, kjúklingi, hvítlauk, sveppum og maískorni	1450	2020	2650	3470
GRÆNMETISPIZZA	m/sósu, osti, tómötum, sveppum, lauk, ólífum og gráðosti	1570	2250	2990	3580
AMERICANA	m/sósu, osti, pepperoni, sveppum og lauk	1450	2020	2650	3470
OSTAVEISLA	m/sósu, camembert, gráðosti, parmesan og piparosti	1510	2100	2740	3270
SPECIALE	m/sósu, osti, skinku, sveppum, pepperoni og jalapenos	1570	2250	2990	3580
PEPPERONI	m/sósu, osti, auka pepperoni, jalapenos, ólífum og grænum pipar	1570	2250	2990	3580
JUVENTUS	m/sósu, osti, pepperoni, ananas og sveppum	1450	2020	2650	3470
PIZZA BANANAS	m/sósu, osti, pepperoni, banönum og ananas	1450	2020	2650	3470
SUPREME	m/sósu, auka osti, nautahakki, skinku, pepperoni, sveppum, papriku, ananas og lauk	1590	2570	3250	4390
KJÖTVEISLA	m/sósu, pepperoni, nautahakki og beikoni	1450	2020	2650	3470
HVÍTLAUKSBRAUÐ	m/osti, kryddi og hvítlauksolíu	970	1390	1680	1990

BRAUÐSTANGIR - LÍTILL KR. 550 / STÓR 650

SÍMI: 55 44444
Hrói Höttur, Þverholti 2, Kjarna

Grunnverð á pizzu: 970 1390 1680 1990
Verð á hvert álegg: 190 290 420 510



HAMBORGARAR

Allir okkar hamborgarar eru bornir fram með frönskum.	
30. HRÓA BORGARI / TVÖFALDUR	1200/1490 Kr.
Með salati, osti og okkar frábæru Hróa Hattar sósu	
31. BARBEQUE BORGARI	1310 Kr.
Með osti, salati, tómötum, súrum gúrkum og BBQ sósu	
33. BEIKON BORGARI	1420 kr.
Með beikoni, osti, salati, lauk og sósu	



Hlúð að menningu í Mosfellsbæ

Um þessar mundir er unnið að undirbúningi að hönnun, þarfagreiningu og endurgerð þriggja bygginga sem munu m.a. hýsa menningarstarfssemi í Mosfellsbæ til framtíðar, nýju menningarhúsi, Hlégarði og Brúarlandi.



500 gesti og verður sérstaklega hönnuð til tólistarflutnings. Tengt kirkjunni er gert ráð fyrir sölu til safnaðarstarfsemi sem rúmað geti 3-400 manns ásamt veitingaaðstöðu.

Hlégarður

Markmiðið er að skapa vettvang fyrir hvers konar listastarfsemi í Mosfellsbæ og hlúa þannig að þeirri fjölbreyttu menningarstarfsemi sem hér er við lýði.

Nánar tiltekið er um að ræða eftirfarandi verkefni:

- Menningarhús í tengslum við nýja kirkju við Háholt sem er innlegg inn í deiliskipulagshugmynd sem nú liggur fyrir og er í forkynningarferli.
- Þarfagreining fyrir Hlégarð og endurnýjun hússins.
- Endurbætur og aðgengismál í Brúarlandi sem tímabundið mun hýsa Framhaldsskóla Mosfellsbæjar.

Skýrsla og þarfagreining unnin

Til undirbúnings þessara verkefna var unnin skýrsla og þarfagreining sem lögð var fram og samþykkt í menningarmálanefnd og bæjarstjórn í fyrra. Rætt var við hagsmunaaðila úr röðum myndlistar, tónlistar, leiklistar og kirkjustarfs í Mosfellsbæ, auk þess sem rætt var við skólustjóra og stjórnendur Listaskóla Mosfellsbæjar og forstöðumann Bókasafns Mosfellsbæjar.

Markmið verkefnisins var að greina þarfir vegna nýs menningarhúss í Mosfellsbæ, sem ætlað er að tengja við nýja kirkjubyggingu. Þar er gert ráð fyrir að margvísleg menningarstarfsemi muni fara fram. Jafnframt yrði hugað að þörfum Listaskólans og leikfélagsins, sem og framtíðarhlutverki Hlégarðs og Brúarlands. Aflað var upplýsinga frá hagsmunaaðilum um núverandi stöðu viðkomandi menningarstarfsemi. Þátttakendur veltu fyrir sér mögulegum framtíðarverkefnum og forgangsroðun þeirra, hugmyndum sem fram komu í umræðunni og hvað verkefni geti átt heima í nýju menningarhúsi og í Hlégarði og Brúarlandi. Niðurstöður þessarar vinnu var eftirfarandi:

Menningarhús og kirkja

Gert er ráð fyrir nýju menningarhúsi og kirkju í tveimur byggingum sem tengd verði saman með torgi eða miðrými þar sem ýmis menningarartengd starfsemi getið farið fram. Í menningarhúsinu verði rúmgóður sýningarsalur fyrir myndlist, ásamt um 150 manna tónleika- og ráðstefnusal. Gert er ráð fyrir að bókasafnið geti flutt í þetta nýja hús með allri þeirri menningarstarfsemi sem því fylgir. Ný kirkja getur hýst um 4-

Félagsheimilið Hlégarður var byggt árið 1950 og er um 1250 fm að stærð. Niðurstaða er að miðað við umfang og þarfir leikfélagsins myndi Hlégarður henta best undir starfsemi þess, að því gefnu að ráðist verði í endurbætur á húsnæðinu sem myndu falla að þörfum félagsins. Þá er miðað við að ráðist verði í breytingar á húsinu innanverðu og jafnvel byggt við það. Í Hlégarði þótti einnig ákjósanlegt að aðstaða verði fyrir grasrótahreyfingu í tónlist, t.d. iðkendum tónlistar sem ekki telst hefðbundin, einnig búin aðstaða til æfinga og iðkunar. Hlégarður mun svo áfram gegna því hlutverki að vera félagsheimili bæjarfélagsins.

Brúarland

Brúarland var reist á þriðja áratug síðustu aldar er tæpir 500 fm. að flatarmáli á þremur hæðum. Húsið var reist sem skólahús og hýsti áður Lestrarfélag Lágafellssóknar og barnaskóla. Í viðtölum við hagsmunaaðila komu ekki fram ákveðnar hugmyndir að menningarverkefnum sem húsnæðið gæti hýst í framtíðinni. Það hefur hinsvegar verið ákveðið að húsið muni hýsa Framhaldsskóla Mosfellsbæjar fyrstu tvö starfsár hans og standa endurbætur yfir. Í framhaldinu er vel hugsanlegt að húsið geti nýst sem aðstaða fyrir ýmskonar fræðimenn ásamt því að þar fái menningarfélög og klúbbar stað fyrir starfsemi sína.

Framtíð menningarlífs björt

Nú er í gangi hugmyndasamkeppni um hönnun menningarhúss og kirkju samkvæmt þarfagreiningu sem unnin var í framhaldi af framangreindri skýrslu og verður sú tillaga innlegg í þá deiliskipulagstillögu fyrir miðbæinn sem nú er til umfjöllunar. Menningarmálanefnd er nú að vinna að því að gera tillögur um hvernig koma megi Hlégarði í það stand að það merkilega hús geti þjónað bæjarbúum til framtíðar í þeim anda sem getið er hér að ofan. Endurbætur á Brúarlandi standa yfir.

Það er ljóst að ofansögðu að framtíð menningarlífs og starfsemi er björt í Mosfellsbæ. Ef fram heldur sem horfir munu bæjarbúar eignast þrjú hús sem hýst geti menningarstarfsemi af ýmsum toga til framtíðar.

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri
Karl Tómasson, forseti bæjarstjórnar



Heimild: www.lydheilsustod.is

Allt hefur áhrif – einkum við sjálf

Mosfellsbær hefur frá árinu 2006 verið í samstarfi við Lýðheilsustöð og verið þátttakandi í verkefninu „Allt hefur áhrif, einkum við sjálf“.

Markmið verkefnisins er:

„að stuðla að heilbrigðum lífsháttum barna, ungs fólks og fjölskyldna þeirra með áherslu á aukna hreyfingu og bætt mataræði!“

Bæklingur um framvindu verkefnisins og hvað hefur áunnist var nýverið borin út í hús í Mosfellsbæ. Ljóst er að æ fleiri hafa áhuga á heilbrigðum lífsstíl s.s. með aukinni hreyfingu og bættu mataræði og er það ánægjulegt. Mikilvægt er að huga að yngri kynslóðinni og leggja strax grunninn að heilbrigðum lífsstíl. Könnun Lýðheilsustöðvar, í samvinnu við heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu sýnir því miður að mörg börn í Mosfellsbæ eru yfir meðaltali í þyngd.

„Hvað ungur nemur, gamall temur“ segir máltækið og þess vegna skiptir máli að allir þeir sem að umönnun, uppeldi og umgengni við börn og unglinga koma skynji ábyrgð sína og hlutverk í þessu sambandi.

Gerð hefur verið ný aðgerðaráætlun sem gildir til 2010, hana má finna á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is

Við sem sitjum í stýrihópnum viljum hvetja alla til þess að taka þátt í verkefninu, hver á sinn hátt. Það eru svo sannarlega verðmæti í góðri heilsu.

F.h. stýrihópsins

Gunnhildur Sæmundsdóttir, skólafulltrúi

ALLT HEFUR ÁHRIF - EINKUM VIÐ SJÁLF

KETILBJÖLLUNÁMSKEIÐ – Alvöru æfingar fyrir alvöru fólk! –

- ✓ HAGNÝTUR STYRKUR
- ✓ ÚTHALD
- ✓ BRENNSLA

6 VIKNA NÁMSKEIÐ

hefst 2. mars

Mánud.-miðvikud. og föstud.
Kl. 16:30-17:20 og 17:30-18:20
Verð: 19.900 kr.
(hámark 12 í hóp)

- Leiðbeinandi:
Yrja Dögg Kristjánsdóttir
- MaxBells þjálfararéttindi og ÍAK einkaþjálfari
- Upplýsingar og skráningar
í síma: 847-8616

ELDING líkamsrækt





www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Kynningarfundur um áform um slökkvi- og lögreglu- stöð við Skarhólabraut

Mosfellsbær boðar íbúa og hagsmunaaðila í Túnum og Mýrum til kynningarfundar um framkomnar hugmyndir um byggingu slökkvi- og lögreglustöðvar við Skarhólabraut næst Vesturlandsvegi

**Þriðjudaginn 3. mars kl. 17
í Listasalnum, Þverholti 2**

Á fundinum munu fulltrúar Slökkviliðs höfuðborgar-svæðisins og lögreglunnar gera grein fyrir forsendum staðarvals og fyrirhugaðri starfsemi og kynntar verða frumhugmyndir um lóð og byggingar.

Íbúar og hagsmunaaðilar í hverfinu eru hvattir til að mæta á fundinn. Aðrir áhugasamir bæjarbúar eru einnig velkomnir.

Skipulagsfulltrúi.



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

ÁGÆTI HUNDAEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ,
(sjá reglugerð á www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogregrur)

4. gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.

Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.



**Fylgst er sérstaklega með
lausagöngu hunda og
þeir hundar fjarlægðir
sem nást lausir á
almannafæri.**

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



Málningarþjónustan

Leiftur

SÍMI: 868-2228



ÁLAFOSS

Verslun, Álafossvegi 23

WWW.ALAFOSS.IS

Tökum að okkur alla
almenna jarðvinnu og
yfirborðsfrágang.



JARÐMÓTUN EHF

Flugumýri 184, 270 Mosfellsbæ 5 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR



Fullkomnustu grindarréttinga- og mælitæki sem völ er á hér á landi

Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýtir best Nýja Bílasmíðjan

Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is



BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

Vinstri græn í Mosfellsbæ hafa opnað heimasíðu



www.vgmos.is
www.vgmos.is
www.vgmos.is
www.vgmos.is
www.vgmos.is
www.vgmos.is



VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð
Mosfellsbæ



...að Sigsteinn Pálsson hafi orðið 104 ára í byrjun mánaðar.

...að búið sé að stofna síðu á Facebook þar sem safnað er undirskriftum og skorað á bæjaryfirvöld að koma upp eftirlitsmyndavélum í Varmárskóla strax til að sporna gegn einelti.

...að Diddi ('82) og Kata hafi eignast lítinn strák á dögnum.

...að Júmboys spili bikarúrslitaleik utandeildarinnar í Höllinni í kvöld.

...að Kata og Hilmar Stef séu búin að eignast litla stúlku.

...að motocrossparið Valdí og Guðbjörg eigi von á barni.

...að Óliver Kiss, handboltamaður Aftureldingar, hafi slasast á snjóbretti og verði frá keppni í þónokkurn tíma.

...að 4. flokkur handboltans safni fyrir keppnisferð og þvöi bíla á planinu við Áhaldahúsið frá kl. 10 á morgun, laugardag.

...að kylfingur sem skaut golfbolta í auga annars kylfings á Hlíðarvelli 2002 hafi verið dæmdur bóta-skyldur í Hæstarétti á dögnum. Kylfingurinn er nú blindur á öðru auga. Þetta mun vera fyrsta mál sinnar tegundar á Íslandi.

...að Lalli og Erna séu búin að eignast litla stúlku.

...að Bryndís Bjarna hugðist fara í framboð fyrir Neyðarstjórn kvenna og skráði sig úr Framsókn. Nú stefnir hún hins vegar á 2. sæti á lista Framsóknar og væntanlega komin í flokkinn á ný.

...að Elín Karitas og Ingimundur Helga hafi eignast son í vikunni. Fyrir eiga þau þrjár dætur.

...að Þórhallur Miðill hafi fært Ragnheiði Ríkharðs skilaboð að handan á miðlilfsfundi í Hlégarði.

...að Svala Rún, gamall Mosfellingur, stefni á 2. sæti í Framsókn í SV. Svala og Ármann bjuggu í Ásunum.

...að Marteinn Magnússon Framsóknarforingi hafi, eftir góða umhugsun, ákveðið að bjóða sig ekki fram til Alþingis.

...að Gylfi Dalmann hafi slasast á fæti á fundi bæjarstjórnar.

...að meðal Mosfellinga í Ídolinu í ár séu Anna Hlín, Bjarni (2) Atlason og Heiðís úr Ástarfleyginu.

...að Elín Pálma eigi afmæli í dag.

Fjölendum fjölgar ört og tveir reynslumiklir þjálfarar ráðnir til starfa

Badmintonið í mikilli sókn

Helgina 13. til 15. mars næstkomandi verður haldið Íslandsmót 19 ára og yngri í Íþróttamiðstöðinni að Varmá. Mótið er á vegum Badminton sambands Íslands en er í umsjón badmintondeildar Aftureldingar. „Okkur sem starfa í kringum deildina ásamt fyrrverandi stjórn fannst tilvalið að halda Íslandsmót á 100 ára afmæli félagsins,” segir Ingvar Stefánsson formaður badmintondeildar Aftureldingar. Búið er við því að allt að 300 keppendur komi á mótið alls staðar af landinu en badmintonið er stundað víða á landinu. „Við hvetjum alla Mosfellinga til að mæta á mótið,” bætir Ingvar við.

Tveir nýjir þjálfarar ráðnir

Badmintonið hefur verið í mikilli sókn í vetur. Í haust voru ráðnir tveir nýir þjálfarar. Annar þeirra er Dipu Gosh en hann hefur mikla reynslu. Dipu þjálfði m.a. unglingalandsliðið í badmintoni auk þess sem hann þjálfði til fjölda ára hjá badmintondeild Akraness með frábærum árangri. Auk Dipu kom Árni Magnússon til starfa hjá deildinni en hann er heimamaður og spilaði með deildinni í mörg ár og var hann m.a. í yngri landsliðum Íslands. Að sögn Ingvar Stefánssonar er mikill fengur að fá þá Dipu og



Árna til starfa fyrir deildina enda hefur iðkendum fjölgað mikið í vetur. Í haust tók deildin upp á því að gefa spaða til þeirra sem eru að byrja að æfa og mæltist það vel fyrir.

Árangurinn góður

Margir hafa unnið til verðlauna í vetur, t.d. sigruðu félagarnir Sindri Jarlsson og Guðmundur Þ. Guðmundsson í tvíliðaleik á unglingamóti TBA auk þess sem þau Sindri og Dagný Ágústsdóttir sigruðu í tvenndarleik í flokki U 19 á Reykja-



víkurmóti TBR. Þá sigraði Stefán Ás Ingvarsson í einliðaleik á KR-móti í haust eftir hnífjafna viðureign við félaga sinn Guðmund Thoroddsen.

BIKARKEPPNI UTANDEILDA - FRÍTT INN

BIKARÚRSLITALEIKUR Í LAUGARDALSHÖLL KVÖLD KL. 20:30

JÚMBOYS VS. STJARNAN

Í eldhúsinu



Frönsk freisting

Bryndís Ingimundardóttir kennari gefur okkur uppskrift að franskrí súkkulaðiköku að þessu sinni.

Frönsk freisting
1 dl. sterkt lagað kaffi
100 gr. hrásýkur
100 gr. sykur
200 gr. smjör
300 gr. suðusúkkulaði
4 egg
1 dl. hveiti

Setjið kaffi í pott og hitið aðeins. Blandið sykri, súkkulaði og smjöri saman við og bræðið allt saman við vægan hita þannig að blandist vel. Hrærið egg vel saman við blönduna. Að síðustu er hveitið sett út í. Klæðið lausbotna kökuform (um það bil 22 sm. í þvermál) með bökunarpappír. Hellið blöndunni í formið og bakið kökuna í u.þ.b. einn klukkutíma við 170 gráður. Kakan er frekar blaut í sér og bæði



góð volg sem köld. Gott er að bera jarðarber og þeyttan rjóma fram með henni. Kökuna má skreyta með jarðarberjum og strá svolitlu af flörsykri ofaná.

Verði ykkur að góðu.





Félagarnir Einar Karl, Þórarinn og Jón Magnús á verðlaunapalli fyrir árangur sinn í kata.

Góður árangur Aftureldingar á Íslandsmóti í kata Sigursælir karatekrakkar

Íslandsmeistaramót barna og unglinga í Kata í Karate var haldið 15. febrúar í Smáranum í Kópavogi. Fjölmargir karateiðkendur frá 8 karatefélögum tóku þátt í mótinu og stóð lið Aftureldingar sig með þrýði. Enn einn Íslandsmeistaratitillinn bættist í safnið en það var Kristján Helgi Carrasco sem hlaut gullverðlaun í kata drengja 16 - 17 ára.

Þá urðu Eldey Álfrún Sævarsdóttir og Hugi F. Álfgeirsson í öðru sæti í sínum aldursflokki í einstaklingskata. Í hópkata í flokki 9 ára náðu Eldey Sævarsdóttir, Hrafnkell Haraldsson, Ingimundur Bjarni Steingrímsson einnig silfurverðlaun. Bronsverðlaun hlaut Þórarinn Jónsson í einstaklingskata 12 ára drengja en hann hlaut einnig bronsverðlaun í hópkata 12-13 ára ásamt félögum sínum Einari Karli Jónssyni og Jóni Magnúsi Jónssyni.



Einnig er vert að geta þess að íþróttakona Aftureldingar Telma Rut Frímansdóttir lenti í 1. sæti bæði á Grand Prix móti og bikarmóti sem haldin voru í íþróttahúsinu að Varmá 2. febrúar.

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



FREKI EHF

**NÝSMÍÐI VIÐHALD
ENDURBÆTUR**

gsm. 8213899 netfang. freki@internet.is



Kaffi- og veitingahús - Háholti 12 - S.586 8040

ÞAÐ
SEM
TIL
ÞARF



VGH

MOSFELLSBÆ

Verktaki - Vélaleiga

GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279



Samningur við unga og efnilega

Knattspyrnudeild Aftureldingar hefur gert samning við fimm efnilega leikmenn í 2. flokki. Þá Steinar Ægisson, Hlyn Árnason, Guðmund Pálsson, Guðbjörn Pálsson og Helga Bergmann Félagið hefur trú á að þarna séu framtíðar leikmenn meistara-flokks félagsins á ferðinni, þeir hafa allir æft mjög vel í vetur, sem og að vera yngri iðkendur góð fyrirmynd að öllu leiti Til gamans má geta þess að viðræður eru í gangi hjá ný myndaðri stjórn meistaraflökks karla við leikmenn flokksins um samningamál.



**FJÖLSKYLDU TILBOÐ
Í SNÆLANDI**

2.380,-



Munið eftir bílalúgunni!



HÁHOLTI 12

SPURNING TIL BÆJARBUA

Hvern myndir þú
helst vilja hitta?



ÁSDÍS:
Pig!



GÍSLI:
Morgan Freeman



DABBI:
Bob Marley



GUNNÝ:
Heath Ledger.



KAJA:
Jason Statham.




DABBI:
Seth Mcfarlane



Stelpurnar í sveitinni



Eirin og Lifið



Skralli



Öskudags-Ómar



Idol Toggi



Systurnar í Ásunum



You'll never walk alone



Ennþá að blóta þorra



Undir regnboganum

HVERJIR VORU HVAR?


Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Brandur Sport og Raggi Hlő



Í kóngsins Köben



Kátt í Kjósinni



Á diskóbar.....



Saltkjöt og baunir



Sævar á hjólinu



Gurri og Maggi á bolludegi



Þeir fiska sem róa



Soffía frænka



Vín í svín?



Pizza Legends



Örn og félagi



B&L á Ásláki

Sendið okkur myndir!
mosfellingur@mosfellingur.is

RIDDARAR



GAMLIIR RIDDARAR

KOMU, SÁU OG SIGRUÐU

Á FIRMAMÓTI AÐ VARMÁ

Geir Rúnar tekur við
verðlaunum úr hönd-
um Magnúsar Mús.



Hressar í Félagsgarði



Sungið fyrir nammi

**Mömmumatur
í hádeginu**

ELD HÚSIÐ
Pizzabakari

BARA GAMAN

Það ætti enginn Mosfellingur að láta sig vanta á Áslák á föstudagskvöld. Þar verður haldið glæsilegt styrktarkvöld fyrir Rebekku okkar Allwood. Rebekka lenti í alvarlegu bilsslysi fyrir nokkrum árum en hefur staðið sig eins og hetja í endurhæfingu sinni. Nú ætlum við að safna vænni fúlgum fyrir þennan orkubolta svo að hún geti náð enn meiri árangri.

Það verður primó dagskrá á Slákanum svo ekki sé meira sagt. Stórsöngkonan Diddú kemur fram og það er því vel við hæfi að efnilegustu söngkonur bæjarins, þær María, Stefanía og Hreindís stígi einnig á stökk. Dúettinn Hljómur kveikir svo í kofanum eins og þeim einum er lagið. Ekki má svo gleyma viðburði kvöldsins. Hinn eini sanni DJ Geiri Slæami tekur fram skóna að nýju. Ha! Þetta verður bara asnalega gaman.

Viðstaddir munu hrista hausinn og hugsa „Vá! Þetta er alveg asnalega gaman.“ Ég mun bara spila Grilupoppíð með Alla Rúts og upptökur frá því þegar ég fór í heitt það um daginn.

Annað eins landsliði barþjóna hefur heldur ekki sést á Ásláki. Ragga Ríkk, Úrsusinn, Valtarinn og svo Rútsarinn sjálfur. Það er ekki amarlegt að Mosfellingur ársins afgreiði mann um einn sveilkaldann.

Það kostar ekkert inn en það verða baukar útum allt þar sem fólk getur lagt sitt að mörkum. Síðan rennur ágoðinn af barnum líka til styrktar Rebekku þannig að þyrstir gestir eru vel séðir. Það þýðir ekkert að vera nískur því þá tekur Valtarinn þig í bóndabeygju á meðan að Ragga Ríkk skammar þig eins og í gamla daga. Ef það er ekki nóg þá notar Rútsarinn í blöðruhálskirtilinn á þér með stafnum sínum á meðan Úrsusinn rifjar um gamal boxtakta.

Lengi lifi Mosó
Ásgeir Jónsson

SMÁAUGLÝSINGAR FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Heimilisgæsla á smáhundum

Peir eru ekki lokaðir inn í búrum. Stórt leiksvæði úti. Tek bæði í daggæslu og lengri gæslu. Uppl. gefur Gunnvör í síma 5668066 / 8200878.

Túnd gleraugu

Ég týndi gleraugum í Mosfellsbæ á þrettándanum. Gleraugun eru með blárri umgjörð sem er ljósblá að innan, ef þau hafa fundist og eru skemmd, þá væri gott að fá að vita af því. Eyrún s. 821-6266.

Kápu saknað

Skærbleik, síð, úlpa/kápa fyrir 5-7 ára stelpu frá Ticket to heaven, var tekin í misgripum á KFC í Mosó sunnudaginn 8. febrúar milli kl. 12-13. Hekla s: 6993366

Aukatímar í íslensku

Get tekið að mér nemendur í aukatíma í íslensku. Hjördís Kvaran s: 845-8473

Bænastund

Bænastund og kynning á Bahá'ítrú verður haldin mánu- daginn 2. mars að Pverholti 15 íbúð 203 kl. 20 heima hjá Baldri og Esmat. Allir velkomnir.

Húsnæði óskast

Hjón með tvö börn óska eftir rað- eða parhúsi í Mosfellsbæ frá og með 1. júní 2009. Upplýsingar í síma 660-3830.

Þrif í Höfðahverfi

Óska eftir aðila til þrifa í heima- húsi í Höfðahverfi ca. tvær klst á viku. Uppl. í s. 856-6111.



Til fyrirmyndar

Fyrirmyndarframtak hjá félagi (Tedda) úr hestamannfélaginu Herði. Mynd frá Oddsbrekk.

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



B. Markan ehf.
Pípulagnir

☎ 660 6690

ÖKUKENNSLA!
Á bíl, bíthjól eða skellinöðru!

Fáð tilboð, kenni allan daginn
Annast einnig ökumat og upprifjun fyrir eldri borgara

HONDA Lárus Wöhler löggiltur ökukennari, gsm 694-7597 eða bjartahlid@hive.is

BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR

- NÝJRI HLUTIR
- TÍMAREMMAR
- KERTI
- VIFTUREMMAR
- SMURGLUR
- HREINDEFNI
- BREMSKLOSSAR
- PERUR
- OLJUR



GR/ENUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

Viltu betri heilsu?
Leitaðu til ráðgjafa með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir
Herbalist ráðgjafi í Mosfellsbæ
Sími: 869 9913
betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com

BÍLSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI

**Steinteppe
& epoxy
gólfefni**



SteinTeppe.is

Sími 864 6600

www.steinteppe.is | steinteppe@steinteppe.is



S. 55 44444
Þverholti 2
Kjarna

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424

ÍSASTUR Á HAFRAVATNI

Mynd/Magnús Már




Kæru Mosfellingar

Hársnyrtistofan Höfuðlausnir
er með **30% afslátt** af völdum vörum
frá KÉRASTASE og SÉRIE EXPERT
...og gjafir fylgja meðan birðir endast!

Opnunartíminn er:

mánudagar og föstudagar 08:00-18:00,
þriðjud, miðvikud, fimmtud 09:00-18:00, laugardagar 10:00-14:00



HÖFUÐLAUSNIR
HÁRSNYRTISTOFA

SÍMI: 567 6330
HVERAFOLD
112 REYKJAVÍK



Litlikriki

Raðhús á hagstæðu verði Fjögur
raðhús á einni hæð með mikilli lofthæð á
frábærum stað efst við Litlakrika. Frábært
skipulag. Stærð húsa frá 197-207 fm og
afhendað tilbúin til innréttinga. Áhvílandi
lán frá íbúðalánasjóði. Lækkað verð.



Klapparhlíð

Falleg 91 fm. íbúð á 3. hæð í glænýju
fjölbýli fyrir 50 ára og eldri. Sér inngangur
og vönduð gólfefni auk innréttinga.
Stórar svalir í suður. Opð í eldhúsi úr stofu.
Eitt rúmgótt svefnherbergi. Lyfta.
Topp frágangur. V. 25,5 m.



Krókabyggð

Glæsilegt 220 fm. parhús á tveimur
hæðum á góðum stað í Mosó.
Flottar innréttingar og gott skipulag.
Glæsilegur garður með garðhúsi
og góð aðkoma að húsi.
Hagstætt verð.



Furubyggð

Vandað og vel staðsett 165 fm. parhús
með auka 18 fm. óskráðu rísherbergi við
Furubyggð í Mosó. Lokuð og gróin gata.
4 svefnherbergi. 2 baðherbergi. Flottur
sólfallur. Hagstætt 4,15% lán. Skipti á
ódyrari eign koma til greina. V. 37,8



Laxatunga

Vel byggt og vandað 339,9 fm. einbýli á
tveimur hæðum við Laxatungu í Leirvogs-
tunghverfi í Mosfellsbæ. Húsið er fokhelt
og fullbúið að utan. Sér íbúð á neðri hæð
er tilbúin og búið að innrétta hana. Húsið
stendur á flottum útsýnisstað. Flott verð.



Þjónusta við Mosfellinga í 20 ár

Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047

588 55 30



Kvíslartunga

Glæsilegt 278 fm. parhús á
tveimur hæðum við Kvíslartungu
í Mosfellsbæ. Eignin er fullbúin
að utan en rúmlega fokhelt að
utan. 80 fm. svalir.



Stórikriki

Afar glæsileg 159 fm. eign á efstu hæð.
Eignin er með 24 fm. bílskúr og góðu
herbergi inn af honum. Flottar innrét-
tingar, stórar svalir og fallegt útsýni til
Esjunnar. Hiti í gólf í baðherbergi. Þetta er
klassa eign. 3 rúmgóð svefnherbergi.



Bjartahlíð

Mjög falleg og velskipulögð 104
fm. íbúð á jarðhæð með sólfalli
aук 28 fm. bílskúrs við Björtuhlíð í
Mosfellsbæ. Vandaðar innréttingar
og gólfefni. V. 27,8 m.



Flugumýri

TIL LEIGU. Mjög gott 275,2 fm.
atvinnuhúsnæði, fullbúið til leigu.
Flott aðstaða jafnt innan sem utan.
Tvær stórar vinduhurðir.